

Frumvarp til laga
um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi
í hreyfanlegum búnaði og bókun um búnað loftfara.

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði sem gerður var í Höfðaborg 16. nóvember 2001, ásamt bókun við samninginn að því er sérstaklega varðar búnað loftfara, með þeim aðlögunum sem eru gerðar í 2. gr.

Höfðaborgarsamningurinn, bókun um búnað loftfara og sérstakar yfirlýsingar Íslands eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Höfðaborgarsamningurinn og bókun um búnað loftfara skulu hafa lagagildi hér á landi, með eftirfarandi aðlögunum:

1. Með vísan til 53. gr. Höfðaborgarsamningsins er Héraðsdómur Reykjavíkur til þess bær dómstóll að fjalla um kröfur skv. 1. gr. og XII. kafla Höfðaborgarsamningsins.
2. Með vísan til 55. gr. Höfðaborgarsamningsins verður ákvæðum Lúganósamningsins um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum frá 2007, sbr. lög nr. 7/2011, beitt hvað varðar 13. og 43. gr. Höfðaborgarsamningsins hvað varðar réttarúrræði meðan endanlegs úrskurðar er beðið.
3. Með vísan til XXX(1) gr. bókunar um búnað loftfara hafa ákvæði VIII., XII. og XIII. gr. bókunar um búnað loftfara lagagildi hér á landi.
4. Með vísan til XXX(2) gr. bókunar um búnað loftfara hafa ákvæði X. gr. bókunarinnar um búnað loftfara lagagildi hér á landi. Að því er varðar a–c-liði 1. mgr. 13. gr. Höfðaborgarsamningsins eru tímatakmörkin 10 almanaksdagar og hvað varðar d–e-liði 1. mgr. 13. gr. eru tímatakmörkin 30 almanaksdagar.
5. Með vísan til XXX(3) gr. bókunar um búnað loftfara hafa ákvæði XI. gr. bókunar um búnað loftfara lagagildi hér á landi miðað við valkost A. Biðtími samkvæmt ákvæðinu er ákveðinn 60 dagar.
6. Með vísan til XXX(5) gr. bókunar um búnað loftfara þá gilda ákvæði Lúganósamningsins um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum frá 2007, sbr. lög nr. 7/2011, í stað XXI. gr. bókunarinnar um búnað loftfara.

3. gr.

Hvers konar lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi, sbr. s-lið 1. gr. og 39. gr. Höfðaborgarsamningsins, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í 40. gr. samningsins, skulu ganga framur skráðum alþjóðlegum tryggingarréttindum í hlut, hvort sem er við málsmeðferð vegna ógjaldfærni eða utan hennar, án skráningar í alþjóðlegu skrána, svo fremi sem þau hafa stofnast eftir íslenskum lögum.

Ef til staðar eru fleiri en ein krafa skv. 1. mgr. skal þeim fullnægt eftir því hvenær þau atvik urðu sem leiddu til stofnunar kröfu samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Höfðaborgarsamningurinn og bókun um búnað loftfara skal ekki raska rétti ríkis eða ríkisstofnunar, alþjóðlegrar stofnunar eða annars einkarekins veitanda opinberrar þjónustu til þess að leggja hald á eða kyrrsetja hlut samkvæmt íslenskum lögum, til að tryggja greiðslu fjárhæða vegna þjónustu sem fyrrgreindir aðilar hafa innt af hendi er varðar með beinum hætti hlut, sbr. 2. gr. Höfðaborgarsamningsins, eða annan slíkan hlut.

5. gr.

Skráningarhæf, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi skv. dd-lið 1. gr. Höfðaborgarsamningsins og bókun um búnað loftfara, sem stofnast hafa með aðfarargerð hér á landi, þ.e. fjárnámi, kyrrsetningu eða löggeymslu, verður að skrá í alþjóðlega skrá í samræmi við reglur Höfðaborgarsamningsins til að þau öðlist réttarvernd gagnvart síðar skráðum réttindum.

II. KAFLI

Viðurkenning og fullnusta samningsins.

6. gr.

Alþjóðleg tryggingarréttindi sem falla undir Höfðaborgarsamninginn og bókun um búnað loftfara njóta réttarverndar hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins og bókunar um búnað loftfara.

Tryggingarhafi og tryggingargjafi geta samið skriflega svo um að tryggingarhafa sé hvenær sem er heimilt að ganga að tryggingunni í heild eða að hluta eða ráðstafa henni, til fullnustu vanefndri fjárskuldbindingu sbr. ákvæði 8. gr. Höfðaborgarsamningsins.

7. gr.

Skylda sem hvílir á umráðamanni hlutar samkvæmt skriflegum samningi sem gerður er samkvæmt Höfðaborgarsamningnum og bókun um búnað loftfara, um að afhenda hlutinn, er aðfararhæf. Um aðförina fer samkvæmt 72. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Aðförina má gera þegar í stað án aðfararfrests og skal beint til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Í stað þess að taka sjálfur við umráðum samkvæmt 1. mgr. getur gerðarbeiðandi ráðstafað hlut á leigu, ef til þess stendur heimild í samningi samkvæmt 8. gr. Höfðaborgarsamningsins.

Nú fer afhending fram á grundvelli 13. gr. Höfðaborgarsamningsins og skal þá gerðarbeiðandi setja nægilega tryggingu áður en gerðin fer fram. Um það fer eftir 3. mgr. 8. gr. og 16. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.

Ágreiningur sem rís við framkvæmd aðfarar samkvæmt framansögðu skal borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

8. gr.

Beiðni um afskráningu loftfars af loftfaraskrá samkvæmt IX(5) gr. bókunar um búnað loftfara, sbr. III. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998, skal beina til Samgöngustofu.

9. gr.

Við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti skal skiptastjóri tryggja að skráð sé tilkynning um það í alþjóðlega skrá þegar fyrir liggur að meðal eigna bús eru loftfarshlutir, sbr. I. gr. c bókunar um búnað loftfara. Samsvarandi tilkynningarskylda hvílir á umsjónarmanni við upphaf nauðasamninga og aðstoðarmanni við greiðslustöðvun eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

10. gr.

Nú vanefnir tryggingargjafi skyldu sem á honum hvílir samkvæmt samningi sem gerður er í samræmi við ákvæði Höfðaborgarsamningsins og bókunar um búnað loftfara og má þá krefjast nauðungarsölu eftir reglum laga um nauðungarsölu o.fl., nr. 90/1991, án undanfarandi viðvörunar eða greiðsluáskorunar. Beiðni um nauðungarsölu skal beina til embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ágreiningur sem rís við framkvæmd nauðungarsölu samkvæmt framansögðu skal borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

III. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Ákvæði 1. gr. og 1. og 2. tölul. 12. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og Höfðaborgarsamningurinn og bókun um búnað loftfara öðlast gildi að því er Ísland varðar.

IV. KAFLI

Breytingar á öðrum lögum.

12. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012:*

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjöld fyrir eftirlit með skráðum eiganda eða umráðanda loftfars svo sem vegna eftirlits með lofthæfi, starfrækslu loftfars, skráningu- og afskráningu loftfars eru tryggð með lögveði í loftfari eða loftfarshlutum skráðum hér á landi. Gjöldin skulu jafnréttá sín í milli, en eldri kröfur skulu ganga framar yngri. Þó skulu kröfur vegna björgunar, sbr. 134. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, ganga framar kröfum samkvæmt þessari grein.

2. *Lög um loftferðir, nr. 60/1998:*

a. Í stað 4.–6. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um skilyrði til skráningar og afskráningar loftfara, skrásetningarskírteini loftfara, þjóðernis- og skrásetningarmerki, kennisþjald og útflutningsbeiðni.

b. Á eftir 9. gr. a laganna kemur ný grein sem verður 9. gr. b, svohljóðandi:

Um skrásetningu réttinda í loftförum eða loftfarshlutum gilda sérstök lög. Annars vegar lög um skráningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, og hins vegar lög um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og bókun um búnað loftfara, sem ganga framar ákvæðum laga um skráningu réttinda í loftförum, við

gildistöku Höfðaborgarsamningsins og bókunar um búnað loftfara hvað Ísland varðar, vegna skráðra tryggingarréttinda sem falla undir Höfðaborgarsamninginn og innbyrðis þýðingu skráðra tryggingarréttinda.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast skráningu réttinda í loftförum samkvæmt lögum nr. 21/1966. Samgöngustofa skal tilkynna breytingar á loftfaraskrá svo fljótt sem verða má til sýslumanns.

c. Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein sem verður 16. gr. a, svohljóðandi:

Samgöngustofu er heimilt að verða við beiðni um afskráningu loftfars og útflutning, enda sé það í samræmi við gildandi löggjöf á sviði flugöryggis, ef:

1. beiðni er framvísað af þar til bærum aðila á grundvelli óafturkræfrar heimildar til að biðja um afskráningu og útflutning sem skráð er af Samgöngustofu og
2. þar til bær aðili vottar að fyrir liggi skriflegt samþykki handhafa skráðra tryggingarréttinda sem ganga framur tryggingarréttindum kröfuhafans til afskráningar loftfarsins eða að slík tryggingarréttindi séu niður fallin.

d. Við 71. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjöld skv. 1. mgr. skulu tryggð með lögveði í loftförum eða loftfarshlutum eiganda eða umráðanda loftfars sem skráð er hér á landi. Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar skulu tryggð með lögveði í því loftfari sem í hlut á og skráð er hér á landi eða loftfarshlutum. Gjöldin skulu jafnréttá sín í milli en eldri kröfur skulu ganga framur yngri. Þó skulu kröfur vegna björgunar, sbr. 134. gr. laganna og skv. 12. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, ganga framur öðrum kröfum í þeirri röð sem þeirra er getið.

e. 2. másl. 2. mgr. 134. gr. laganna fellur brott.

f. Við 1. mgr. 136. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstraraðili flugvallar skal verða við beiðni Samgöngustofu um að aftra för loftfars frá flugvelli uns ógreidd eftirlitsgjöld vegna starfsemi eiganda eða umráðanda loftfars eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

3. *Lög um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991:*

Á eftir 9. grein laganna kemur ný grein sem verður 9. gr. a, svohljóðandi:

Ákvæði laga um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og bókunar um búnað loftfara, hafa forgang fram yfir ákvæði þessara laga vegna skráðra tryggingarréttinda sem falla undir Höfðaborgarsamninginn og bókun um búnað loftfara og innbyrðis þýðingu skráðra tryggingarréttinda, og þeirra úrræða sem kröfuhafi hefur til að ná fullnustu kröfu sinnar.

4. *Lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966:*

a. Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein sem verður 1. gr. a, svohljóðandi:

Ákvæði laga um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og bókunar um búnað loftfara, hafa forgang fram yfir ákvæði þessara laga vegna skráðra tryggingarréttinda sem falla undir Höfðaborgarsamninginn og bókun um búnað loftfara og innbyrðis þýðingu skráðra tryggingarréttinda, og þeirra úrræða sem kröfuhafi hefur til að ná fullnustu kröfu sinnar frá því tímamarki.

b. 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

Fylgiskjal I.**SAMNINGUR****um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði.**

RÍKIN, SEM ERU AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR nauðsyn þess að útvega og nota hreyfanlegan búnað sem er verðmætur eða hefur sérstaka efnahagslega þýðingu og að greiða fyrir fjármögnun vegna öflunar og notkunar slíks búnaðar með skilvirkum hætti,

SEM VIÐURKENNA kosti eignatryggðrar fjármögnunar og leigu í þessu skyni og hafa hug á að greiða fyrir slíkum tegundum viðskipta með því að setja fram skýrar reglur um þau,

SEM HAGA Í HUGA að nauðsynlegt er að ábyrgjast að tryggingarréttindi í slíkum búnaði séu viðurkennd og varin alls staðar,

SEM HAGA HUG Á að skapa víðtækan og gagnkvæman efnahagslegan ávinning fyrir alla aðila sem hagsmuna eiga að gæta,

SEM TELJA að slíkar reglur verði að endurspegla meginreglur eignatryggðrar fjármögnunar og leigu og stuðla að nauðsynlegu sjálfstæði aðila í þessum viðskiptum,

SEM ERU MEÐVITUÐ UM að nauðsynlegt er að setja fram lagaramma um alþjóðleg tryggingarréttindi í slíkum búnaði og koma, í því skyni, á fót alþjóðlegu skráningarkerfi til að vernda slík réttindi,

SEM TAKA MIÐ af markmiðum og meginreglum sem settar eru fram í gildandi samningum um slíkan búnað,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTT UM eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI**Gildissvið og almenn ákvæði.**

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir nema annað leiði af samhengi:

- a. „samningur“ merkir tryggingarsamningur, samningur með eignarréttarfyrirvara eða leigusamningur,
- b. „framsal“ merkir samningur sem veitir, með tryggingu eða öðrum hætti, framsalshafa tilheyrandi réttindi hvort sem tengd alþjóðleg tryggingarréttindi er yfirfærð eða ekki,
- c. „tilheyrandi réttindi“ merkir öll réttindi til greiðslu eða vegna annarra efnda af hálfu skuldara samkvæmt samningi sem eru tryggð með eða tilheyra viðkomandi hlut,
- d. „upphaf málsmeðferðar vegna ógjaldfærni“ merkir sá tímunktur sem miðað er við sem upphaf málsmeðferðar vegna ógjaldfærni samkvæmt viðeigandi lögum um ógjaldfærni,
- e. „skilyrðabundinn kaupandi“ merkir kaupandi samkvæmt samningi með eignarréttarfyrirvara,
- f. „skilyrðabundinn seljandi“ merkir seljandi samkvæmt samningi með eignarréttarfyrirvara,
- g. „sölusamningur“ merkir samningur sem seljandi gerir við kaupanda um sölu hlutar og er ekki samningur í skilningi a-liðar hér að framan,

- h. „dómstóll“ merkir dómstóll eða stjórnarsýsludómstóll eða gerðardómur sem samningsríki hefur komið á fót,
- i. „kröfuhafi“ merkir tryggingarhafi samkvæmt tryggingarsamningi, skilyrðabundinn seljandi samkvæmt samningi með eignarréttarfyrrvara eða leigusali samkvæmt leigusamningi,
- j. „skuldari“ merkir tryggingargjafi samkvæmt tryggingarsamningi, skilyrðabundinn kaupandi samkvæmt samningi með eignarréttarfyrrvara, leigutaki samkvæmt leigusamningi eða aðili með tryggingu í hlut sem er háð skráningarhæfum, lögbundnum réttindum eða tryggingarréttindum,
- k. „skiptastjóri“ merkir sá sem hefur heimild til þess að stýra endurskipulagningu eða skiptameðferð, m.a. sá sem hefur tímabundna heimild, og tekur til skuldara sem hefur umráð yfir viðkomandi hlut ef viðeigandi lög um ógjaldfærni heimila það,
- l. „ógjaldfærni meðferð“ merkir gjaldþrotaskipti, skiptameðferð eða önnur heildarmálsmeðferð fyrir dómstóli eða stjórnvaldi, m.a. málsmeðferð til bráðabirgða, þar sem eignum og málefnum skuldara er stýrt af dómstóli eða þau höfð undir eftirliti hans í því skyni að fram fari endurskipulagning eða skiptameðferð,
- m. „hagsmunaaðilar“ merkir:
 - i. skuldari,
 - ii. ii. hver sá aðili sem veitir eða gefur út ábyrgðarskuldbindingu eða ábyrgð á kröfu eða bakábyrgð eða greiðslutryggingu í einhverri annarri mynd í því skyni að tryggja efndir á hvers kyns skuldbindingum í þágu kröfuhafa,
 - iii. iii. annar aðili sem hefur réttindi til hlutarins eða yfir honum,
- n. „innanlandsviðskipti“ merkir viðskipti af því tagi sem um getur í a- til c-lið 2. mgr. 2. gr. þegar meginhagsmunir allra aðila að slíkum viðskiptum, svo og viðkomandi hlutur (eins og tilgreint er í bókuninni), eru í sama samningsríki á þeim tíma þegar gengið er frá samningnum og hagsmunir, sem myndast með viðskiptunum, hafa verið skráðir í landsskrá fyrrnefnds samningsríkis sem gefið hefur út yfirlýsingu skv. 1. mgr. 50. gr.,
- o. „alþjóðleg tryggingarréttindi“ merkir tryggingarréttindi kröfuhafa sem 2. gr. á við um,
- p. „alþjóðleg skrá“ merkir alþjóðleg skráningarstofnun sem er komið á fót vegna þessa samnings eða bókunarinnar,
- q. „leigusamningur“ merkir samningur þar sem einn aðili (leigusali) veitir öðrum aðila (leigutaka) umráð eða forræði yfir hlut (með eða án möguleika á kaupum) gegn leigugreiðslu eða annars konar greiðslu,
- r. „innlend tryggingarréttindi“ merkir tryggingarréttindi sem kröfuhafi hefur í hlut og hafa myndast í innanlandsviðskiptum sem falla undir yfirlýsingu skv. 1. mgr. 50. gr.,
- s. „lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi“ merkir réttindi eða tryggingarréttindi sem veitt eru samkvæmt lögum samningsríkis sem hefur gefið út yfirlýsingu skv. 39. gr. til að tryggja efndir á skuldbindingu, m.a. skuldbindingu gagnvart ríki, ríkisstofnun eða alþjóðastofnun eða einkarekinni stofnun,
- t. „tilkynning um innlend tryggingarréttindi“ merkir tilkynning sem er eða verður skráð í alþjóðlegu skránni þess efnis að innlend tryggingarréttindi hafi myndast,
- u. „hlutur“ merkir hlutur í flokki sem 2. gr. á við um,
- v. „eldri réttindi eða trygging“ merkir réttindi eða tryggingarréttindi af hvaða tagi sem er í eða yfir hlut sem myndast eða verður til fyrir gildistöku þessa samnings, sbr. skilgreiningu í a-lið 2. mgr. 60. gr.,

- w. „ágóði“ merkir ágóði af hlut, í peningum eða öðru, sem myndast vegna tjóns eða eyðileggingar á hlut, í heild eða að hluta, eða vegna þess að hlutur er gerður upptækur, dæmdur ónothæfur eða hald er lagt á hann, í heild eða að hluta,
- x. „væntanlegt framsal“ merkir framsal sem gert er ráð fyrir að muni eiga sér stað ef tiltekinn atburður verður, óháð því hvort öruggt megi telja að sá atburður verði,
- y. „væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi“ merkir tryggingarréttindi sem til stendur að mynda eða sem tengjast hlut sem alþjóðleg tryggingarréttindi ef tiltekinn atburður verður (þ.m.t. að skuldari fái tryggingarréttindi í viðkomandi hlut), óháð því hvort öruggt megi telja að sá atburður verði,
- z. „væntanleg sala“ merkir sala sem gert er ráð fyrir að muni eiga sér stað ef tiltekinn atburður verður, óháð því hvort öruggt megi telja að sá atburður verði,
- aa. „bókun“ merkir, að því er varðar flokk hluta og tilheyrandi réttindi sem samningur þessir gildir um, bókunina fyrir viðkomandi flokk hluta og tilheyrandi réttindi,
- bb. „skráður“ merkir skráður í alþjóðlegu skrána skv. V. kafla,
- cc. „skráð tryggingarréttindi“ merkir alþjóðleg tryggingarréttindi, skráningarhæf, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi eða innlend tryggingarréttindi sem eru tilgreind í tilkynningu um innlend tryggingarréttindi sem eru skráð skv. V. kafla,
- dd. „skráningarhæf, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi“ merkir lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi sem eru skráningarhæf samkvæmt yfirlýsingu sem er afhent til vörslu skv. 40. gr.,
- ee. „skráningaryfirvald“ merkir, að því er bókunina varðar, sá aðili eða stofnun sem er tilnefnd samkvæmt bókuninni eða tilnefnd skv. b-lið 2. mgr. 17. gr.,
- ff. „reglur“ merkir reglur sem eftirlitsyfirvaldið setur eða samþykkir samkvæmt bókuninni,
- gg. „sala“ merkir yfirfærsla á eignarrétti yfir hlut samkvæmt sölusamningi,
- hh. „tryggð skuldbinding“ merkir skuldbinding sem er tryggð með tryggingu,
- ii. „tryggingarsamningur“ merkir samningur þar sem tryggingargjafi veitir eða samþykkir að veita tryggingarhafa tryggingu (m.a. eignarhald) í eða yfir hlut til að tryggja efnidir á hvers kyns fyrirliggjandi skuldbindingu eða framtíðarskuldbindingu tryggingargjafa eða þriðja aðila,
- jj. „trygging“ merkir trygging sem myndast með tryggingarsamningi,
- kk. „eftirlitsyfirvald“ merkir, að því er bókunina varðar, eftirlitsyfirvald það sem um getur í 1. mgr. 17. gr.,
- ll. „samningur með eignarréttarfyrirvara“ merkir samningur um sölu hlutar með þeim skilmálum að eignarréttur yfirfærast ekki fyrr en að uppfylltu því skilyrði eða þeim skilyrðum sem um getur í samningnum,
- mm. „óskráð tryggingarréttindi“ merkir samningsbundin eða lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi (önnur en tryggingarréttindi í skilningi 39. gr.) sem hafa ekki verið skráð, óháð því hvort þau eru skráningarhæf samkvæmt þessum samningi og
- nn. „skriflegur“ merkir skrá yfir upplýsingar (m.a. upplýsingar sem eru sendar með fjarskiptum) sem eru á áþreifanlegu formi eða öðru formi og unnt er að endurgera á áþreifanlegu formi síðar og þar sem fram kemur á viðeigandi hátt að tiltekinn aðili samþykki skrána.

2. gr.

Alþjóðleg tryggingarréttindi.

1. Þessi samningur kveður á um stofnun og áhrif alþjóðlegra tryggingarréttinda í tilteknum flokkum hreyfanlegs búnaðar og tilheyrandi réttinda.

2. Að því er þennan samning varðar eru alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði þau réttindi, stofnuð skv. 7. gr., í hlut sem hægt er að greina með ótvíræðum hætti og fellur í flokk slíkra hluta sem taldir eru upp í 3. mgr. og tilgreindir eru í bókuninni:
 - a. sem tryggingargjafi lætur í té samkvæmt tryggingarsamningi,
 - b. sem tilheyrir þeim aðila sem er skilyrðabundinn seljandi samkvæmt samningi með eignarréttarfyrirvara eða
 - c. sem tilheyrir þeim aðila sem er leigusali samkvæmt leigusamningi.
 Tryggingarréttindi, sem falla undir a-lið, falla ekki jafnframt undir b- eða c-lið.
3. Flokkarnir, sem um getur í málsgreinunum hér að framan, eru:
 - a. flugskrokkar, hreyflar loftfara og þyrlur,
 - b. járnbrautarvagnar og
 - c. geimeignir.
4. Gildandi lög segja til um hvort tryggingarréttindi, sem 2. mgr. á við um, falli undir a, b- eða c-lið þeirrar málsgreinar.
5. Alþjóðleg tryggingarréttindi yfir hlut ná yfir ágóða af þeim hlut.

3. gr.

Gildissvið.

1. Samningur þessi gildir þegar skuldari er staðsettur í samningsríki á þeim tíma þegar gerður er samningur sem myndar eða kveður á um alþjóðleg tryggingarréttindi.
2. Staðsetning kröfuhafa utan samningsríkis hefur engin áhrif á beitingu þessa samnings.

4. gr.

Staðsetning skuldara.

1. Skuldari er, að því er varðar 1. mgr. 3. gr., staðsettur í samningsríki:
 - a. ef hann er skráður sem lögaðili eða stofnaður samkvæmt lögum þess,
 - b. ef hann hefur skráða skrifstofu eða aðsetur sitt þar,
 - c. ef hann hefur miðstöð stjórnsýslu sinnar þar eða
 - d. ef hann hefur starfsstöð sína þar.
2. Vísun í d-lið málsgreinarinnar hér að framan til starfsstöðvar skuldara merkir, hafi hann fleiri en eina starfsstöð, aðalstarfsstöð hans eða, hafi hann enga starfsstöð, sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

5. gr.

Túlkun og gildandi lög.

1. Þegar túlka á ákvæði þessa samnings ber að hafa hliðsjón af markmiðum hans eins og þau eru sett fram í formálsorðum að honum, af alþjóðlegu eðli hans og af nauðsyn þess að stuðla að samræmi og fyrirsjáanleika við beitingu hans.
2. Vafaatriði varðandi málefni sem falla undir þennan samning, sem eru ekki ákveðin með ótvíræðum hætti í honum, ber að ákveða í samræmi við þær almennu meginreglur sem samningurinn er byggður á eða, þar sem þeim sleppir, í samræmi við gildandi lög.
3. Vísanir til gildandi laga teljast vera vísanir til innlendra reglna í þeim lögum sem beita skal með skírskotun til reglna alþjóðlegs einkamálaréttar dómstólsríkisins.
4. Ef ríki samanstendur af nokkrum svæðiseiningum, sem hver um sig hefur eigin réttarreglur með tilliti til þess máls sem til stendur að útkljá, og ef engin vísbending er um það hver skuli teljast hlutaðeigandi svæðiseining skal ákvarða samkvæmt lögum

ríkisins frá hvaða svæðiseiningu reglurnar skuli koma. Ef slíkar reglur eru ekki fyrir hendi gilda lög svæðiseiningarinnar sem málið tengist helst.

6. gr.

Tengsl milli samningsins og bókunarinnar.

1. Lesa ber og túlka samning þennan og bókunina saman eins og þau væru einn gerningur.
2. Ef ósamræmi er milli þessa samnings og bókunarinnar ganga ákvæði bókunarinnar framár.

II. KAFLI

Stofnun alþjóðlegra tryggingarréttinda.

7. gr.

Formlegar kröfur.

Tryggingarréttindi stofnast sem alþjóðleg tryggingarréttindi samkvæmt samningi þessum ef sá samningur sem myndar eða kveður á um tryggingarréttindin:

- a. er skriflegur,
- b. tengist hlut sem tryggingargjafi, skilyrðabundinn seljandi eða leigusali má ráðstafa,
- c. gerir það kleift að greina hlutinn í samræmi við bókunina og
- d. ef um ræðir tryggingasamning, gerir það kleift að ákvarða tryggðar skuldbindingar án þess að nauðsynlegt sé að tilgreina þá fjárhæð eða hámarksfjárhæð sem er tryggð.

III. KAFLI

Vanefndaúrræði.

8. gr.

Úrræði tryggingarhafa.

1. Tryggingarhafi getur, verði vanefndir eins og kveðið er á um í 11. gr. og að því marki sem tryggingargjafi hefur samþykkt hverju sinni og með fyrirvara um yfirlýsingu sem samningsríki kann að hafa gefið út skv. 54. gr., beitt einu eða fleiri eftirtalinnna úrræða:
 - a. náð umráðum eða forræði yfir hlut sem honum hefur verið veittur tryggingarréttur í,
 - b. selt eða leigt út slíkan hlut,
 - c. innheimt eða tekið við tekjum eða hagnaði af rekstri eða notkun slíks hlutar.
2. Tryggingarhafi getur einnig krafist dómsúrskurðar sem heimilar eða fyrirskipar einhverjar þær aðgerðir sem um getur í málsgreininni hér að framan.
3. Beita skal úrræðum skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr. eða 13. gr. í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Líta ber svo á að úrræði sé beitt í samræmi við eðlilega viðskiptahætti ef það er gert í samræmi við ákvæði tryggingasamnings nema slíkt ákvæði sé bersýnilega ósanngjarnt.
4. Tryggingarhafi, sem áformar að selja hlut eða leigja hann út skv. 1. mgr., skal tilkynna eftirtöldum aðilum um það skriflega og með hæfilegum fyrirvara:
 - a. hagsmunaaðilum sem eru tilgreindir í i. og ii. lið m-liðar 1. gr. og
 - b. hagsmunaaðilum sem eru tilgreindir í iii. lið m-liðar 1. gr. og hafa tilkynnt tryggingarhafa um réttindi sín með hæfilegum fyrirvara áður en til sölu eða leigu kemur.

5. Hver sú fjárhæð, sem tryggingarhafi innheimtir eða tekur við í framhaldi af beitingu einhvers þeirra úrræða sem um getur í 1. eða 2. mgr., skal færð sem hluti greiðslu á fjárhæð tryggðu skuldbindinganna.
6. Ef heildarfjárhæðir, sem tryggingarhafi innheimtir eða tekur við í framhaldi af einhverju því úrræði sem beitt er og um getur í 1. eða 2. mgr., eru hærrí en sú fjárhæð sem er tryggð með tryggingu, ásamt eðlilegum kostnaði sem stofnað er til við beitingu slíks úrræðis, skal tryggingarhafi, nema dómstóllinn gefi fyrirmæli um annað, skipta því sem umfram er milli handhafa skráðra tryggingarréttinda sem neðar eru í röðinni eða sem tryggingarhafa hefur verið tilkynnt um, í forgangs röð, og greiða tryggingargjafanum þá fjárhæð sem eftir stendur, ef einhver er.

9. gr.

Yfirfærsla eignarréttar yfir hlut til að fullnægja skuldbindingu; innlausn.

1. Tryggingarhafi og allir hagsmunaaðilar geta, hvenær sem er eftir að vanefndir verða eins og kveðið er á um í 11. gr., gert samkomulag um að eignarréttur (eða aðrir hagsmunir tryggingarhafa) yfir hlut, sem fellur undir tryggingu, skuli yfirfærður til tryggingarhafa til að fullnægja tryggðum skuldbindingum að öllu leyti eða að hluta.
2. Dómstóllinn getur, að kröfu tryggingarhafa, gefið fyrirmæli um að eignarréttur (eða aðrir hagsmunir tryggingarhafa) yfir hlut, sem fellur undir tryggingu, skuli yfirfærður til tryggingarhafa til að fullnægja tryggðum skuldbindingum að öllu leyti eða að hluta.
3. Dómstóllinn skal því aðeins verða við kröfu samkvæmt málsgreininni hér að framan að fjárhæð hinna tryggðu skuldbindinga, sem fullnægja á með fyrrnefndri yfirfærslu á eignarrétti, sé í samræmi við verðgildi hlutarins, að teknu tilliti til greiðslna sem tryggingarhafi á að standa skil á til hagsmunaaðila.
4. Tryggingargjafi eða hagsmunaaðili getur, hvenær sem er, eftir að vanefndir verða eins og kveðið er á um í 11. gr. og áður en fram fer sala þess hlutar sem er með tryggingarrétti eða áður en fyrirmæli skv. 2. mgr. eru gefin, losað sig undan tryggingu með því að greiða að fullu þá fjárhæð sem tryggð er, með fyrirvara um leigu af hálfu tryggingarhafa skv. b-lið 1. mgr. 8. gr. eða fyrirmælum skv. 2. mgr. 8. gr. Greiði hagsmunaaðili, annar en skuldari, tryggingarfjárhæðina að fullu, eftir að slíkar vanefndir verða, öðlast hann þann rétt sem tryggingarhafinn átti.
5. Eignarréttur eða önnur réttindi tryggingargjafa, sem eru yfirfærð við sölu skv. b-lið 1. mgr. 8. gr. eða yfirfærð skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eru óháð öðrum tryggingarréttindum ef trygging tryggingarhafa gengur þeim framur skv. ákvæðum 29. gr.

10. gr.

Úrræði skilyrðabundins seljanda eða leigusala.

Verði vanefndir á samningi með eignarréttarfyrirvara eða leigusamningi eins og kveðið er á um í 11. gr. getur skilyrðabundinn seljandi eða leigusali, eftir atvikum:

- a. með fyrirvara um yfirlýsingu sem samningsríki kann að gefa út skv. 54. gr., sagt samningnum upp og náð umráðum eða forræði yfir þeim hlut sem samningurinn tekur til eða
- b. krafist dómsúrskurðar sem heimilar eða fyrirskipar annaðhvort þessara úrræða.

11. gr.

Inntak vanefnda.

1. Skuldari og kröfuhafi geta hvenær sem er gert skriflegt samkomulag um það hvaða atvik teljast vanefndir eða gefa á annan hátt tilefni til þeirra réttinda og úrræða sem eru tilgreind í 8.-10. gr. og 13. gr.
2. Hafi skuldari og kröfuhafi ekki gert slíkt samkomulag merkir „vanefndir“ í 8.-10. gr. og 13. gr. vanefndir sem svipta kröfuhafa að verulegu leyti því sem mátti gera ráð fyrir að eiga rétt á samkvæmt samningnum.

12. gr.

Viðbótarúrræði.

Heimilt er að beita viðbótarúrræðum, sem gildandi lög leyfa, m.a. úrræðum sem aðilar gera samkomulag um, að því marki sem þau fara ekki í bága við ófrávíkjanleg ákvæði þessa kafla eins og fram kemur í 15. gr.

13. gr.

Réttarúrræði meðan endanlegs úrskurðar er beðið.

1. Samningsríki skal, með fyrirvara um yfirlýsingu sem það kann að gefa út skv. 55. gr., tryggja að kröfuhafi, sem færir fram sannanir fyrir vanefndum skuldara, geti, á meðan endanlegs úrskurðar er beðið varðandi kröfu hans og að því marki sem skuldarinn hefur einhverju sinni samþykkt það, leitað réttarúrræðis með skjótum hætti fyrir dómi í formi úrskurðar sem heimilar honum neðangreind úrræði, eitt eða fleiri:
 - a. varðveislu hlutarins og verðgildis hans,
 - b. umráð eða forræði yfir hlutnum eða vörslu hans,
 - c. kyrrsetningu hlutarins og
 - d. leigu eða, nema í þeim tilvikum þar sem a- til c-liðir eiga við, rekstur hlutarins og að njóta tekna þar af.
2. Dómstóllinn getur, þegar hann gefur fyrirmæli samkvæmt málsgreininni hér að fram- an, sett skilmála sem hann telur nauðsynlega í því skyni að vernda hagsmunaaðila ef kröfuhafinn:
 - a. efnir ekki, þegar hann framfylgir slíkum fyrirmælum um réttarúrræði, einhverja af skuldbindingum sínum gagnvart skuldara samkvæmt samn- ingi þessum eða bókuninni eða
 - b. getur ekki fært sönnur á kröfu sína, að öllu leyti eða að hluta, við endan- legan úrskurð um hana.
3. Dómstóllinn getur, áður en hann gefur fyrirmæli skv. 1. mgr., krafist þess að hags- munaaðilum sé tilkynnt um beiðnina.
4. Ekkert í grein þessari hefur áhrif á beitingu 3. mgr. 8. gr. eða vald dómstóls til að kveða á um önnur réttarúrræði til bráðabirgða en þau sem sett eru fram í 1. mgr.

14. gr.

Málsmeðferðarkröfur.

Með fyrirvara um 2. mgr. 54. gr. skal beita hverju því úrræði, sem kveðið er á um í þessum kafla, í samræmi við þá málsmeðferð sem lög mæla fyrir um á þeim stað þar sem til stendur að því verði beitt.

15. gr.
Frávik.

Tveir eða fleiri þeirra aðila sem um getur í þessum kafla geta, hvenær sem er í samskiptum sín á milli með skriflegu samkomulagi, vikið frá eða breytt áhrifum sérhvers framangreinds ákvæðis þessa kafla, að undanskildum ákvæðum 3.-6. mgr. 8. gr., 3. og 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 13. gr. og 14. gr.

IV. KAFLI
Alþjóðlega skráningarkerfið.

16. gr.
Alþjóðlega skráin.

1. Setja skal á stofn alþjóðlega skrá í því skyni að skrá:
 - a. alþjóðleg tryggingarréttindi, væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi og skráningarhæf, lögbundin réttindi og tryggingarréttindi,
 - b. framsal og væntanlegt framsal alþjóðlegra tryggingarréttinda,
 - c. öflun alþjóðlegra tryggingarréttinda með kröfuhafaskiptum að lögum eða samkvæmt samningi eins og gildandi lög mæla fyrir um,
 - d. tilkynningar um innlend tryggingarréttindi og
 - e. víkjandi tryggingarréttindi sem um getur í undirgreinunum hér að framan.
2. Heimilt er að koma á fót sérstökum alþjóðlegum skráum fyrir sérstaka flokka hluta og tilheyrandi réttindi.
3. Í skráningu felst, að því er þennan kafla og V. kafla varðar, þar sem það á við, að skráningu verði breytt, hún framlengd eða afmáð.

17. gr.
Eftirlitsyfirvald og skráningaryfirvald.

1. Koma skal á fót eftirlitsyfirvaldi eins og mælt er fyrir um í bókuninni.
2. Eftirlitsyfirvaldið skal:
 - a. stofna alþjóðlegu skrána eða sjá til þess að það verði gert,
 - b. tilnefna skráningaryfirvald, nema kveðið sé á um annað í bókuninni, eða hætta starfsemi þess,
 - c. tryggja að hvers kyns réttindi, sem krafist er vegna áframhaldandi skilvirks reksturs alþjóðlegu skrárinnar ef skipt verður um skráningaryfirvald, verði falin nýju skráningaryfirvaldi eða framseld því,
 - d. að höfðu samráði við samningsríkin, semja eða samþykkja reglur samkvæmt bókuninni sem fjalla um rekstur alþjóðlegu skrárinnar og sjá til þess að þær verði birtar,
 - e. koma á fót stjórnslumeðferð til þess að bera fram kvartanir við eftirlitsyfirvaldið varðandi rekstur alþjóðlegu skrárinnar,
 - f. hafa yfirumsjón með starfsemi skráningaryfirvaldsins og rekstri alþjóðlegu skrárinnar,
 - g. láta skráningaryfirvaldi í té, að beiðni þess, þær leiðbeiningar sem eftirlitsyfirvaldinu þykja við hæfi,
 - h. ákveða og endurskoða reglulega fyrirkomulag gjaldtöku fyrir þá þjónustu sem alþjóðlega skráin lætur í té,
 - i. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að skilvirkt rafrænt tilkynningakerfi fyrir skráningu sé til staðar til þess að markmið samningsins og bókunarinnar nái fram að ganga og

- j. gefa samningsríkjunum reglulega skýrslu um hvernig það efnir skyldur sínar samkvæmt samningnum og bókuninni.
- 3. Eftirlitsyfirlitinn er heimilt að gera alla nauðsynlega samninga til þess að það geti gegnt störfum sínum, m.a. hvern þann samning sem um getur í 3. mgr. 27. gr.
- 4. Eftirlitsyfirlitið fer með allan eignarrétt yfir gagna- og skjalasöfnum alþjóðlegu skrárinnar.
- 5. Skráningaryfirlitið skal tryggja að rekstur alþjóðlegu skrárinnar sé skilvirkur og annast þau störf sem því eru falin samkvæmt samningnum, bókuninni og reglunum.

V. KAFLI

Önnur mál er varða skráningu.

18. gr.

Kröfur varðandi skráningu.

1. Tilgreina skal í bókuninni og reglunum þær kröfur, m.a. viðmiðanir sem gera kleift að greina viðkomandi hlut, sem ber að uppfylla til þess að:
 - a. skráning geti farið fram (m.a. að gerðar séu ráðstafanir til þess að senda samþykki aðila, sem krafist er að veiti samþykki sitt skv. 20. gr., fyrir fram með rafrænum hætti),
 - b. leit geti farið fram og unnt sé að gefa út leitarvottorð og, með fyrirvara um það,
 - c. tryggja að trúnaður ríki um upplýsingar og skjöl alþjóðlegu skrárinnar, aðrar en upplýsingar og skjöl er varða skráningu.
2. Skráningaryfirlitið ber ekki skylda til að spyrjast fyrir um hvort samþykki fyrir skráningu skv. 20. gr. hafi verið gefið í reynd eða sé gilt.
3. Verði tryggingarréttindi, sem eru skráð sem væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi, að alþjóðlegum tryggingarréttindum skal ekki gera kröfu um frekari skráningu, að því tilskildu að þær upplýsingar sem skráningunni fylgdu nægi til þess að skrá alþjóðleg tryggingarréttindi.
4. Skráningaryfirlitið skal gera ráðstafanir til þess að skráningar verði færðar í gagnasafn alþjóðlegu skrárinnar og verði leitarbærar í tímaröð miðað við viðtöku og skal viðtökudagur og viðtökustund koma fram í gagnaskránni.
5. Í bókuninni kann að vera mælt fyrir um að samningsríki geti tilnefnt stofnun eða stofnanir á landsvæði sínu sem tengilið eða tengiliði sem skulu eða geta tekið við upplýsingum, sem eru nauðsynlegar vegna skráningar, og áframsent alþjóðlegu skránni. Samningsríki, sem gengur frá slíkrri tilnefningu, getur tekið fram hvaða kröfur, ef um þær er að ræða, skal uppfylla áður en fyrirnefndar upplýsingar eru sendar alþjóðlegu skránni.

19. gr.

Gildi og tímasetning skráningar.

1. Skráning er því aðeins gild að hún sé framkvæmd í samræmi við 20. gr.
2. Ef skráning er gild telst hún frágengin þegar tilskildar upplýsingar hafa verið færðar í gagnasafn alþjóðlegu skrárinnar þannig að leit sé framkvæmanleg.
3. Að því er málsgreininna hér að framan varðar skal skráning vera leitarbær þegar:
 - a. alþjóðlega skráin hefur gefið henni raðnúmer og

- b. þeim upplýsingum sem skráningunni fylgdu, m.a. raðnúmeri, hefur verið komið fyrir í geymslu í varanlegri mynd og unnt er að ganga að þeim hjá alþjóðlegu skránni.
4. Verði tryggingarréttindi, sem voru upphaflega skráð sem væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi, að alþjóðlegum tryggingarréttindum skal fara með slík réttindi sem væri þau skráð frá sama tíma og væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi voru skráð, að því tilskildu að skráningin hafi enn verið gild rétt fyrir stofnun alþjóðlegu tryggingarréttindanna eins og kveðið er á um 7. gr.
5. Málsgreinin hér að framan gildir, með nauðsynlegum breytingum, um skráningu væntanlegs framsals alþjóðlegra tryggingarréttinda.
6. Skráning skal vera leitarbær í gagnasafni alþjóðlegu skrárinnar samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í bókuninni.

20. gr.

Samþykki fyrir skráningu.

1. Hvor aðilinn sem er getur, með skriflegu samþykki hins aðilans, skráð alþjóðleg tryggingarréttindi, væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi eða framsal eða væntanlegt framsal alþjóðlegra tryggingarréttinda og breytt eða framlengt slíka skráningu áður en hún rennur úr gildi.
2. Aðili sem á víkjandi tryggingarréttindi getur hvenær sem er skráð eða samþykkt með skriflegum hætti skráningu víkjandi alþjóðlegra tryggingarréttinda gagnvart öðrum alþjóðlegum tryggingarréttindum.
3. Sá aðili sem nýtur hags af skráningunni getur afmáð skráninguna eða gefið skriflegt samþykki sitt fyrir því.
4. Sá sem öðlast alþjóðleg tryggingarréttindi með kröfuhafaskiptum að lögum eða samkvæmt samningi getur skráð öflun þeirra.
5. Handhafi skráningarháfra, lögbundinna réttinda eða tryggingarréttinda getur skráð slík réttindi.
6. Handhafi innlendra tryggingarréttinda getur skráð tilkynningu um slík réttindi.

21. gr.

Gildistími skráningar.

Skráning alþjóðlegra tryggingarréttinda heldur gildi sínu uns skráningin er afmáð eða fram að lokum þess tímabils sem um getur í skráningunni.

22. gr.

Leit.

1. Sérhverjum aðila er heimilt, eins og mælt er fyrir um í bókuninni og reglunum, að gera leit, eða óska eftir að leit verði gerð, með rafrænum hætti í alþjóðlegu skránni vegna tryggingarréttinda eða væntanlegra alþjóðlegra tryggingarréttinda sem þar eru skráð.
2. Skráningaryfirvald skal, eftir að hafa móttekið beiðni þar um og á þann hátt sem mælt er fyrir um í bókuninni og reglunum, gefa út rafrænt vottorð vegna leitar í skránni með tilliti til sérhvers hlutar:
 - a. þar sem fram koma allar skráðar upplýsingar sem þessu tengjast og yfirlýsing um skráningardag og -stund slíkra upplýsinga eða
 - b. þar sem fram kemur að engar upplýsingar sem þessu tengjast sé að finna í alþjóðlegu skránni.

3. Í leitarvottorði, sem er gefið úr samkvæmt málsgreininni hér að framan, skal koma fram að kröfuhafinn, sem er nefndur í þeim upplýsingum sem fylgja skráningunni, hafi aflað sér, eða hyggist afla sér, alþjóðlegra tryggingarréttinda í viðkomandi hlut en ekki hvort það sem er skráð séu alþjóðleg tryggingarréttindi eða væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi, jafnvel þótt unnt sé að ganga úr skugga um það með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fylgja skráningunni.

23. gr.

Skrá yfir yfirlýsingar og yfirlýst lögbundin réttindi og tryggingarréttindi.

Skráningaryfirvald skal halda skrá yfir yfirlýsingar, afturkallanir yfirlýsinga og þá flokka lögbundinna réttinda eða tryggingarréttinda, sem vörsluaðili hefur tilkynnt skráningar-yfirvaldinu um að sammingsríki hafi gefið yfirlýsingu um í samræmi við 39. og 40. gr., ásamt dagsetningu sérhverrar slíkrar yfirlýsingar eða afturköllunar yfirlýsingar.

Slík skrá skal vera skrásett og leitarbær undir nafni þess ríkis sem gefur yfirlýsinguna út og skal hún gerð aðgengileg eins og mælt er fyrir um í bókuninni og reglunum hverjum þeim sem fer fram á það.

24. gr.

Sönnunargildi vottorða.

Skjal á því formi sem reglurnar mæla fyrir um, sem gefið er til kynna að sé vottorð útgefið af alþjóðlegu skránni, er að órannsökuðu máli sönnun þess:

- a. að það hafi verið gefið út með þeim hætti og
- b. að þau efnisatriði sem þar er greint frá, m.a. skráningardagur og -tími, fái staðist.

25. gr.

Skráning afmáð.

1. Þegar skuldbindingar, sem eru tryggðar með skráðri tryggingu, eða skuldbindingar, sem falla undir skráð, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi, gilda ekki lengur eða skilyrðum vegna yfirfærslu eignarréttar samkvæmt skráðum samningi með eignarréttarfyrirvara hefur verið fullnægt skal handhafi slíkrar tryggingar fá skráninguna afmáða án ástæðulausrar tafar þegar skuldarinn hefur lagt fram skriflega kröfu þess efnis sem er afhent eða móttækin á heimilisfangi hans samkvæmt skráningunni.
2. Þegar væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi eða væntanlegt framsal alþjóðlegra tryggingarréttinda hefur verið skráð skal fyrirhugaður kröfuhafi eða framsalshafi fá skráninguna afmáða án ástæðulausrar tafar þegar skuldarinn eða framseljandinn hefur lagt fram skriflega kröfu sem er afhent eða móttækin á heimilisfangi hans samkvæmt skráningunni áður en fyrirhugaður kröfuhafi eða framsalshafi hefur gefið upp verðgildi eða skuldbundið sig til að gefa upp verðgildi.
3. Þegar skuldbindingar, sem eru tryggðar með innlendum tryggingarréttindum sem eru tilgreind í skráðri tilkynningu um innlend tryggingarréttindi, gilda ekki lengur skal handhafi slíkra tryggingarréttinda fá skráninguna afmáða án ástæðulausrar tafar þegar skuldarinn hefur lagt fram skriflega kröfu sem er afhent eða móttækin á heimilisfangi hans samkvæmt skráningunni.
4. Þegar ekki hefði átt að framkvæma skráningu eða hún er röng skal sá aðili, sem hefur hag af skráningunni, fá skráninguna afmáða án ástæðulausrar tafar eða henni breytt þegar skuldarinn hefur lagt fram skriflega kröfu sem er afhent eða móttækin á heimilisfangi hans samkvæmt skráningunni.

26. gr.

Aðgangur að þjónustu alþjóðlegu skráningarinnar.

Engum skal meinaður aðgangur að skráningar- og leitarþjónustu alþjóðlegu skrárinnar af annarri ástæðu en þeirri að hlutaðeigandi fari ekki eftir þeim verklagsreglum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

VI. KAFLI

Sérréttindi og friðhelgi eftirlitsfirvalds og skráningaryfirvalds.

27. gr.

Lögaðili; friðhelgi.

1. Eftirlitsfirvaldið skal hafa réttarstöðu alþjóðlegs lögaðila hafi það ekki nú þegar þá stöðu.
2. Eftirlitsfirvaldið skal, ásamt embættismönnum sínum og starfslíði, njóta þeirrar friðhelgi gagnvart málsóknum og stjórnarsýslumeðferð sem tilgreind er í bókuninni.
3. a. Eftirlitsfirvaldið skal vera undanþegið sköttum og njóta annarra sérréttinda eins og kann að verða kveðið á um í samningi við hlutaðeigandi gistiríki.
b. „Gistiríki“ merkir, að því er þessa málsgrein varðar, það ríki þar sem eftirlitsfirvaldið er staðsett.
4. Eignir, skjöl og gagna- og skjalasöfn alþjóðlegu skrárinnar skulu njóta friðhelgi og vera friðhelg gagnvart haldlagningu eða annars konar málsóknum og stjórnarsýslumeðferð.
5. Að því er varðar kröfu á hendur skráningaryfirvaldi skv. 1. mgr. 28. gr. eða 44. gr. skal krefjandi hafa rétt á aðgangi að nauðsynlegum upplýsingum og skjölum til þess að honum sé gert kleift að sækja kröfu sína.
6. Eftirlitsfirvaldinu getur fellt niður þá friðhelgi sem veitt er skv. 4. mgr.

VII. KAFLI

Ábyrgð skráningaryfirvalds.

28. gr.

Ábyrgð og fjárhagslegar tryggingar.

1. Skráningaryfirvald skal bera ábyrgð á greiðslu skaðabóta vegna taps sem aðili verður fyrir og rekja má beint til skekkju eða vanrækslu skráningaryfirvalds og embættismanna og starfslíðs þess eða til bilunar í alþjóðlega skráningarkerfinu nema þegar bilunin er af völdum óhjákvæmilegs eða óviðráðanlegs atburðar sem ekki reyndist unnt að koma í veg fyrir með því að beita bestu aðferðum sem völ er á á sviði hönnunar og rekstrar rafrænnar skráningar, m.a. aðferðum sem tengjast öryggisafritun og öryggi kerfa og netsamstarfi.
2. Skráningaryfirvaldið skal hvorki bera ábyrgð samkvæmt málsgreininni hér að framan vegna staðreyndavillna í skráningarupplýsingum, sem skráningaryfirvaldi berast eða það sendir á því formi sem því bærust þær upplýsingar, né vegna aðgerða eða aðstæðna sem skráningaryfirvaldið og embættismenn þess og starfslíð eru ekki ábyrg fyrir og komu til fyrir viðtöku skráningarupplýsinga hjá alþjóðlegu skránni.
3. Heimilt er að lækka bætur skv. 1. mgr. að því marki sem sá aðili sem fyrir tjóni verður olli sjálfur tjóninu eða átti þátt í því.
4. Skráningaryfirvaldið skal afla sér vátryggingar eða fjárhagslegrar tryggingar til þess að mæta þeirri skaðabótaskyldu sem um getur í þessari grein, að því marki sem eftirlitsfirvaldið ákvarðar í samræmi við bókunina.

VIII. KAFLI

Áhrif alþjóðlegra tryggingarréttinda gagnvart þriðju aðilum.

29. gr.

Forgangsröð andstæðra tryggingarréttinda.

1. Skráð tryggingarréttindi ganga framar öðrum síðar skráðum tryggingarréttindum og óskráðum tryggingarréttindum.
2. Forgangur fyrstnefndu tryggingarréttindanna samkvæmt málsgreininni hér að framan á við:
 - a. jafnvel þótt fyrstnefndu tryggingarréttindin hafi verið fengin eða þau skráð þegar raunveruleg vitneskja lá fyrir um önnur tryggingarréttindi og
 - b. jafnvel að því er varðar fyrirframgreiðslu af hálfu handhafa fyrstnefndu tryggingarréttindanna sem býr yfir slíkri vitneskju.
3. Kaupandi hlutar fær réttindi í honum:
 - a. með fyrirvara um tryggingarréttindi sem eru skráð þegar hann öðlast þau tryggingarréttindi og
 - b. óháð óskráðum tryggingarréttindum jafnvel þótt hann hafi raunverulega vitneskju um slík réttindi.
4. Skilyrðabundinn kaupandi eða leigutaki öðlast réttindi yfir fyrnefndum hlut:
 - a. með fyrirvara um tryggingarréttindi sem eru skráð fyrir skráningu alþjóðlegu tryggingarréttindanna sem skilyrðabundni seljandinn eða leigusalinn ráða yfir og
 - b. óháð tryggingarréttindum sem eru ekki skráð með fyrnefndum hætti á þeim tímapunkti jafnvel þótt hann hafi raunverulega vitneskju um þau tryggingarréttindi.
5. Hægt er að breyta forgangsröð andstæðra tryggingarréttinda eða réttinda samkvæmt þessari grein með samningi milli handhafa þessara réttinda en framsalshafi víkjandi tryggingarréttinda er þó ekki bundinn af samningi um að láta þau tryggingarréttindi víkja nema slíkt hafi, þegar framsal átti sér stað, verið skráð í tengslum við þann samning.
6. Forgangur, sem tryggingarréttindi í hlut njóta samkvæmt þessari grein, nær til ágóða.
7. Samningur þessi:
 - a. hefur ekki áhrif á réttindi aðila í íhlut, öðrum en hlut, þ.e. íhlut sem viðkomandi hafði í vörslu sinni áður en hann var settur í hlut, ef þau réttindi halda gildi sínu samkvæmt gildandi lögum að ísetningu lokinni og
 - b. kemur ekki í veg fyrir myndun réttinda í íhlut, öðrum en hlut, sem hefur áður verið settur í hlut, þegar þau réttindi eru mynduð samkvæmt gildandi lögum.

30. gr.

Áhrif af ógjaldfærni.

1. Í málsmeðferð vegna ógjaldfærni gegn skuldara hafa alþjóðleg tryggingarréttindi gildi ef þau voru skráð í samræmi við þennan samning fyrir upphaf ógjaldfærni-meðferðar.
2. Ekkert í grein þessari veikir gildi alþjóðlegra tryggingarréttinda við ógjaldfærni-meðferð ef réttindin hafa gildi samkvæmt gildandi lögum.
3. Ekkert í grein þessari hefur áhrif á:

- a. lagaákvæði sem eiga við í ógjaldfærni meðferð og varða ógildingu viðskipta sem annaðhvort ívilna kröfuhafa eða rýra réttindi hans með sviksamlegum hætti,
- b. málsmeðferðarreglur sem varða framfylgd réttinda til eignar sem er undir stjórn eða eftirliti skiptastjóra.

IX. KAFLI

**Framsál tilheyrandi réttinda og alþjóðlegra tryggingarréttinda;
réttindi við kröfuhafaskipti.**

31. gr.

Áhrif framsals.

1. Framsal tilheyrandi réttinda skv. 32. gr. færir framsalshafa einnig, nema aðilarnir komist að samkomulagi um annað:
 - a. tengd alþjóðleg tryggingarréttindi og
 - b. öll réttindi og forgangsröð framseljanda samkvæmt þessum samningi.
2. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir framsal að hluta á tilheyrandi réttindum framseljanda.
3. Þegar um slíkt framsal að hluta er að ræða geta framseljandi og framsalshafi gert með sér samkomulag um réttindi hvors um sig er varða tengdu alþjóðlegu tryggingarréttindin sem eru framseld samkvæmt málsgreininni hér að framan en ekki með þeim hætti að slíkt skaði stöðu skuldans án samþykkis hans.
4. Gildandi lög ákvarða, með fyrirvara um 4. mgr., þann málsvarnar- og skuldajöfnunarrétt sem skuldara stendur til boða gagnvart framsalshafa.
5. Skuldari getur, hvenær sem er með skriflegum samningi, afsalað sér þeim málsvarnar- og skuldajöfnunarrétti sem um getur í málsgreininni hér að framan, öðrum en málsvarnarrétti sem leiðir af sviksamlegu athæfi af hálfu framsalshafans.
6. Ef tilheyrandi réttindi eru framseld með tryggingu færast þau aftur til framseljandans að svo miklu leyti sem þau eru enn til staðar þegar þær skuldbindingar, sem framsalið tryggir, hafa verið efndar.

32. gr.

Formlegar kröfur vegna framsals.

1. Framsal tilheyrandi réttinda yfirfærir tengd alþjóðleg tryggingarréttindi því aðeins að það:
 - a. sé skriflegt,
 - b. geri það kleift að greina tilheyrandi réttindi í þeim samningi sem þau verða rakin til og
 - c. þegar um framsal með tryggingu er að ræða, geri það kleift að ákvarða í samræmi við bókunina þær skuldbindingar sem eru tryggðar með framsalinu, án þess að nauðsynlegt sé að taka fram þá fjárhæð eða hámarksfjárhæð sem er tryggð.
2. Framsal alþjóðlegra tryggingarréttinda, sem myndast eða kveðið er á um í tryggingarsamningi, er ekki gilt nema sum eða öll tengd, tilheyrandi réttindi séu einnig framseld.
3. Samningur þessi gildir ekki að því er varðar framsal tilheyrandi réttinda sem felur ekki í sér yfirfærslu á tengdum alþjóðlegum tryggingarréttindum.

33. gr.

Skylda skuldara gagnvart framsalshafa.

1. Að því marki sem tilheyrandi réttindi og tengd alþjóðleg tryggingarréttindi hafa verið yfirfærð í samræmi við 31. og 32. gr. er skuldari bundinn af framsalinu, hvað þessi réttindi og tryggingarréttindi varðar, og ber skylda til að inna greiðslu af hendi til framsalshafans eða standa með öðrum hætti í skilum gagnvart honum þá og því aðeins að:
 - a. framseljandinn hafi tilkynnt skuldar anum skriflega um framsalið eða það verið gert með heimild framseljandans og
 - b. tilkynningin tilgreini viðkomandi tilheyrandi réttindi.
2. Greiðsla eða efndir skuldara skulu leysa hann undan ábyrgð ef það er gert í samræmi við málsgreinina hér að framan, óháð öðrum greiðslum eða efndum sem leysa hann undan ábyrgð.
3. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á forgangsröð andstæðra framsalsaðgerða.

34. gr.

Vanefndaúrræði að því er varðar framsal með tryggingu.

Ef framseljandi efnir ekki skuldbindingar sínar samkvæmt framsali tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda sem tryggingu gilda ákvæði 8. gr., 9. gr. og 11.-14. gr. um tengsl framseljanda og framsalshafa (og gilda, að því er tilheyrandi réttindi varðar, að því marki sem þau ákvæði geta gilt um ófnislega eign) líkt og vísanir:

- a. til tryggðu skuldbindingarinnar og tryggingarinnar væru vísanir til þeirrar skuldbindingar sem er tryggð með framsali tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda og þeirrar tryggingar sem verður til með framsalinu,
- b. til tryggingarhafans eða kröfuhafans og tryggingargjafans eða skuldarans væru vísanir til framsalshafans og framseljandans,
- c. til handhafa alþjóðlegra tryggingarréttinda væru vísanir til framsalshafans og
- d. til hlutarins væru vísanir til framseldra tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda.

35. gr.

Forgangsröð andstæðra framsalsaðgerða.

1. Ef fyrir hendi eru andstæðar framsalsaðgerðir vegna tilheyrandi réttinda og a.m.k. ein þessara framsalsaðgerða felur í sér tengd alþjóðleg tryggingarréttindi og er skráð gilda ákvæði 29. gr. líkt og vísanir til skráðra tryggingarréttinda væru vísanir til framsals tilheyrandi réttinda og tengdra skráðra tryggingarréttinda og líkt og vísanir til skráðra eða óskráðra tryggingarréttinda væru vísanir til skráðs eða óskráðs framsals.
2. Ákvæði 30. gr. gilda um framsal tilheyrandi réttinda líkt og vísanir til alþjóðlegra tryggingarréttinda væru vísanir til framsals tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda.

36. gr.

Forgangsröð framsalshafa að því er tekur til tilheyrandi réttinda.

1. Framsalshafi tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda, þar sem framsal hefur verið skráð, nýtur aðeins forgangs gagnvart öðrum framsalshafa tilheyrandi réttinda skv. 1. mgr. 35. gr.:

- a. ef fram kemur í samningi þeim sem tilheyrandi réttindi verða rakin til að þau séu tryggð með eða tengd viðkomandi hlut og
 - b. að því marki sem tilheyrandi réttindi tengjast hlut.
2. Að því er b-lið í málsgreininni hér að framan varðar tengjast tilheyrandi réttindi hlut aðeins að því marki sem í þeim felst réttur til greiðslu eða efnda sem tengjast:
- a. fjárhæð sem er innt af hendi fyrir fram og notuð til kaupa á viðkomandi hlut,
 - b. fjárhæð sem er innt af hendi fyrir fram og notuð til kaupa á öðrum hlut sem framseljandinn átti önnur alþjóðleg tryggingarréttindi í ef framseljandinn yfirfærði þau tryggingarréttindi til framsalshafans og framsalið hefur verið skráð,
 - c. því verði sem ber að greiða fyrir hlutinn,
 - d. leigugjöldum sem ber að greiða fyrir hlutinn eða
 - e. öðrum skuldbindingum sem rekja má til viðskipta sem um getur í undirliðunum hér að framan.

Í öllum öðrum tilvikum fer um forgangsröð andstæðra framsalsaðgerða vegna tilheyrandi réttinda samkvæmt gildandi lögum.

37. gr.

Áhrif af ógjaldfærni framseljanda.

Ákvæði 30. gr. gilda um málsmeðferð vegna ógjaldfærni gegn framseljanda líkt og vísanir til skuldara væru vísanir til framseljandans.

38. gr.

Kröfuhafaskipti.

1. Samkvæmt gildandi lögum hefur ekkert í þessum samningi, með fyrirvara um 2. mgr., áhrif á óflun tilheyrandi réttinda og tengdra alþjóðlegra tryggingarréttinda með kröfuhafaskiptum að lögum eða samkvæmt samningi.
2. Heimilt er að breyta forgangsröð milli réttinda, sem um getur í málsgreininni hér að framan, og andstæðra réttinda með skriflegum samningi milli handhafa hvorra réttinda um sig en framsalshafi vijkandi tryggingarréttinda er ekki bundinn af samningi um að láta réttindin víkja nema slíkt hafi, þegar framsal fór fram, verið skráð í tengslum við þann samning.

X. KAFLI

Réttindi eða tryggingarréttindi sem falla undir yfirlýsingar samningsríkja.

39. gr.

Réttindi sem hafa forgang án skráningar.

1. Samningsríki getur, hvenær sem er með yfirlýsingu sem er afhent vörsluaðila bókuarinnar til vörslu, tilgreint með almennum eða sérstökum hætti:
 - a. þá flokka lögbundinna réttinda eða tryggingarréttinda (annarra en réttinda eða tryggingarréttinda sem 40. gr. tekur til) sem ganga samkvæmt lögum fyrrnefnds ríkis framar tryggingarréttindum í hlut sem jafngildir réttindum handhafa skráðra alþjóðlegra tryggingarréttinda og skulu ganga framar skráðum alþjóðlegum tryggingarréttindum, hvort sem það er við málsmeðferð vegna ógjaldfærni eða utan hennar, og
 - b. að ekkert í samningi þessum skuli hafa áhrif á rétt ríkis eða ríkisstofnunar, milliríkjastofnunar eða annars einkarekins veitanda opinberrar þjónustu til að

leggja hald á eða halda eftir hlut, samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis, til greiðslu fjárhæða sem slík ríkisstofnun, alþjóðastofnun eða þjónustuveitandi á útistandandi og tengjast með beinum hætti þeirri þjónustu er varðar fyrrnefndan hlut eða annan hlut.

2. Yfirlýsing, sem er gefin út samkvæmt málsgreininni hér að framan, getur falið í sér upplýsingar um flokka sem verða til eftir að yfirlýsingin er afhent til vörslu.
3. Lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi ganga framar alþjóðlegum tryggingarréttindum þá og því aðeins að fyrrnefndu réttindin tilheyri flokki sem fellur undir yfirlýsingu sem afhent er til vörslu áður en alþjóðlegu tryggingarréttindin eru skráð.
4. Þrátt fyrir málsgreinina hér að framan getur samningsríki jafnhliða fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild að bókuninni, lýst því yfir að réttindi eða tryggingarréttindi, sem tilheyra flokki sem fellur undir yfirlýsingu, sem er gefin út skv. a-lið 1. mgr., skuli ganga framar alþjóðlegum tryggingarréttindum sem eru skráð fyrir þann dag er slík fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild fer fram.

40. gr.

Skráningarhæf, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi.

Samningsríki getur, hvenær sem er, með yfirlýsingu sem er afhent vörsluáðila bókunarinnar til vörslu talið upp flokka lögbundinna réttinda eða tryggingarréttinda sem skulu vera skráningarhæf samkvæmt samningi þessum, líkt og réttindin eða tryggingarréttindin væru alþjóðleg tryggingarréttindi og skal farið með þau sem slík. Heimilt er að gera breytingar á slíkri yfirlýsingu hvenær sem er.

XI. KAFLI

Beiting samningsins við sölu.

41. gr.

Sala og fyrirhuguð sala.

Samningur þessi gildir um sölu eða fyrirhugaða sölu hlutar eins og kveðið er á um í bókuninni með áorðnum breytingum.

XII. KAFLI

Lögsaga.

42. gr.

Val varnarþings.

1. Með fyrirvara um 43. og 44. gr. hafa dómstólar samningsríkis, sem aðilar að viðskiptum velja, lögsögu að því er varðar kröfu sem sett er fram samkvæmt samningi þessum, hvort sem það varnarþing sem valið er tengist aðilunum eða viðskiptunum eða ekki. Aðeins einn dómstóll hefur slíka lögsögu nema aðilarnir komi sér saman um annað.
2. Samningur af því tagi skal vera skriflegur eða gerður með öðrum hætti í samræmi við formlegar kröfur sem mælt er fyrir um í lögum þess varnarþings sem valið er.

43. gr.

Lögsaga skv. 13. gr.

1. Dómstólar samningsríkis, sem aðilarnir velja, og dómstólar samningsríkisins á því landsvæði þar sem viðkomandi hlutur er staðsettur hafa lögsögu til að beita réttarúrræði skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. og 4. mgr. 13. gr. að því er þann hlut varðar.

2. Eftirfarandi aðilar hafa lögsögu til að beita réttarúrræðum skv. d-lið 1. mgr. 13. gr. eða öðrum réttarúrræðum til bráðabirgða með skírskotun til 4. mgr. 13. gr.:
 - a. dómstólar sem aðilarnir velja eða
 - b. dómstólar samningsríkis á landsvæði þar sem skuldari er staðsettur ef um ræðir réttarúrræði sem aðeins er hægt að framfylgja á landsvæði þess samningsríkis samkvæmt fyrirmælum úrskurðarins sem heimilar úrræðið.
3. Dómstóll fer með lögsögu samkvæmt málsgreininni hér að framan jafnvel þótt endanlegur úrskurður vegna þeirrar kröfu sem um getur í 1. mgr. 13. gr. verði eða kunni að vera kveðinn upp af dómstóli annars samningsríkis eða gerðardómi.

44. gr.

Lögsaga til að úrskurða gegn skráningaryfirvaldi.

1. Dómstólar þar sem skráningaryfirvald hefur miðstöð stjórnsýslu sinnar hafa einir lögsögu til að dæma skaðabætur eða úrskurða gegn skráningaryfirvaldi.
2. Ef aðili bregst ekki við kröfu, sem er sett fram skv. 25. gr., eða ef þessi aðili er ekki lengur fyrir hendi eða finnst ekki til þess að unnt sé að úrskurða gegn honum, þar sem þess er krafist að hann fái skráninguna afmáða, skulu þeir dómstólar, sem um getur í málsgreininni hér að framan, einir hafa lögsögu, að kröfu skuldara eða tilvonandi skuldara, til að úrskurða gegn skráningaryfirvaldinu þar sem þess er krafist að það afmái skráninguna.
3. Ef aðili hlítir ekki úrskurði dómstóls, sem fer með lögsögu samkvæmt samningi þessum, eða, ef um innlend tryggingarréttindi er að ræða, úrskurði þar til bærs dómstóls þar sem þess er krafist að fyrrnefndur aðili fái skráningunni breytt eða hana afmáða geta dómstólarnir, sem um getur í 1. mgr., gefið skráningaryfirvaldi fyrirmæli um að gera ráðstafanir sem duga til þess að fyrrnefndum úrskurði sé fylgt.
4. Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í málsgreinunum hér að framan er engum dómstóli heimilt að setja fram úrskurði eða fella dóma eða taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir skráningaryfirvaldið.

45. gr.

Lögsaga að því er varðar málsmeðferð vegna ógjaldfærni.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um málsmeðferð vegna ógjaldfærni.

XIII. KAFLI

Tengsl við aðra samninga.

45. gr. a

Tengsl við samning Sameinuðu þjóðanna um framsal viðskiptakrafna í alþjóðaviðskiptum.

Samningur þessi gengur framur samningi Sameinuðu þjóðanna um framsal viðskiptakrafna í alþjóðaviðskiptum, sem var lagður fram til undirritunar í New York 12. desember 2001, að svo miklu leyti sem hann á við um framsal viðskiptakrafna sem mynda tilheyrandi réttindi sem tengjast alþjóðlegum tryggingarréttindum í loftfarshlutum, járnbrautarvögnum og geim-eignum.

46. gr.

Tengsl við UNIDROIT-samninginn um alþjóðlega fjármögnunarleigu.

Tengsl þessa samnings og UNIDROIT-samningsins um alþjóðlega fjármögnunarleigu, sem var undirritaður í Ottawa 28. maí 1988, má ákvarða í bókuninni.

XIV. KAFLI

Lokaákvæði.

47. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Höfðaborg 16. nóvember 2001 af hálfu þátttökuríkja á ráðstefnu stjórnarérindreka um samþykkt samnings um hreyfanlegan búnað og bókun um loftför sem var haldin í Höfðaborg 29. október til 16. nóvember 2001. Eftir 16. nóvember 2001 skal samningurinn liggja frammi í aðalstöðvum Alþjóðastofnunarinnar fyrir samræmingu einkamálaréttar (UNIDROIT) í Róm til undirritunar af hálfu allra ríkja þar til hann öðlast gildi í samræmi við 49. gr.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki ríkja sem hafa undirritað hann.
3. Hvert það ríki sem undirritar ekki samning þennan getur gerst aðili að honum hvenær sem er.
4. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild fer fram með því að afhenda vörsluaðila formlegt skjal þess efnis til vörslu.

48. gr.

Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu.

1. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullvalda ríki stofna lögformlega og hefur valdheimildir í tilteknum málum sem samningur þessi tekur til, er á sama hátt heimilt að undirrita, staðfesta eða samþykkja samning þennan eða gerast aðili að honum. Í því tilviki skal hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu hafa réttindi og skyldur samningsríkis, að svo miklu leyti sem mál, sem samningur þessi tekur til, heyra undir hana. Hafi fjöldi samningsríkja sérstaka þýðingu samkvæmt samningi þessum skal hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu ekki vera talin samningsríki, auk aðildarríkja sinna sem eru samningsríki.
2. Hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, við undirritun, staðfestingu, samþykki eða aðild, tilgreina í yfirlýsingu til vörsluaðila hvaða mál, sem samningur þessi tekur til, aðildarríki hennar hafi fært undir valdsvið hennar. Hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal tilkynna vörsluaðila tafarlaust um hvers kyns breytingar sem verða á skiptingu valdheimilda, m.a. nýja tilfærslu valdheimilda, sem greint er frá í yfirlýsingunni samkvæmt þessari málsgrein.
3. Hvers kyns vísanir til „samningsríkis“ eða „samningsríkja“ eða „samningsaðila“ í samningi þessum gilda á sama hátt um svæðisstofnun um efnahagssamvinnu krefjist samhengi þess.

49. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá þeim degi þegar þriðja skjalið um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, en aðeins að því er varðar flokk hluta sem ákvæði bókunar gilda um:
 - a. frá og með gildistökudegi viðkomandi bókunar,
 - b. með fyrirvara um skilmála bókunarinnar og
 - c. milli ríkja sem eru aðilar að samningi þessum og bókuninni.

- Samningur þessi öðlast gildi, að því er önnur ríki varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá þeim degi þegar skjöl þeirra um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eru afhent til vörslu, en aðeins að því er varðar flokk hluta sem ákvæði bókunar gilda um og með fyrirvara um, að því er slíka bókun varðar, kröfur a-, b- og c-liðar í málsgreininni hér að framan.

50. gr.

Innanlandsviðskipti.

- Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að samningur þessi skuli ekki eiga við um viðskipti, sem eru innanlandsviðskipti, að því er það ríki varðar með tilliti til allra gerða hluta eða sumra þeirra.
- Þrátt fyrir málsgreinina hér að framan gilda ákvæði 4. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 16. gr., V. kafla, 29. gr. og hver þau ákvæði þessa samnings, sem varða skráð tryggingarréttindi, um innanlandsviðskipti.
- Hafi tilkynning um innlend tryggingarréttindi verið skráð í alþjóðlegu skrána hefur sú staðreynd að slík tryggingarréttindi hafi verið fenginn öðrum aðila með framsali eða kröfuhafaskiptum samkvæmt gildandi lögum engin áhrif á forgang handhafa þessara tryggingarréttinda skv. 29. gr.

51. gr.

Síðari bókanir.

- Vörsluaðila er heimilt að koma á fót vinnuhópum, í samstarfi við viðkomandi frjáls félagasamtök sem hann telur við hæfi, í því skyni að meta hagkvæmni þess að útvíkka gildissvið þessa samnings, með einni bókun eða fleiri, þannig að hann nái til verðmætra hluta í hvaða flokki hreyfanlegs búnaðar sem er, annarra en í flokki sem um getur í 3. mgr. 2. gr., þar sem hver stakur hlutur í flokknum er auðgreinanlegur, og til tilheyrandi réttinda sem tengjast slíkum hlutum.
- Vörsluaðili skal senda texta bráðabirgðadraga að bókun, sem varðar flokk hluta, sem fyrrnefndur vinnuhópur hefur samið, öllum aðilum sem eiga aðild að samningi þessum, öllum aðildarríkjum vörsluaðila, aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna sem eiga ekki aðild að vörsluaðila og hlutaðeigandi milliríkjastofnunum og skal bjóða þessum ríkjum og stofnunum að taka þátt í samningaviðræðum ríkja í milli sem miða að því að ganga frá slíkum drögum að bókun á grundvelli slíkra bráðabirgðadraga að henni.
- Vörsluaðili skal einnig senda texta bráðabirgðadraga að bókun sem fyrrnefndur vinnuhópur hefur samið til viðkomandi frjálsra félagasamtaka, eftir því sem hann telur við hæfi. Fyrrnefndum frjálsrum félagasamtökum skal þegar í stað boðið að senda vörsluaðila athugasemdir við texta bráðabirgðadraga að bókuninni og taka þátt í að semja drög að henni sem áheyrnarfulltrúar.
- Þegar til þess bærar stofnanir vörsluaðila líta svo á að drög að fyrrnefndri bókun séu tilbúin til samþykktar skal vörsluaðili kalla saman ráðstefnu stjórnarereindreka til þess að samþykkja bókunina.
- Eftir að fyrrnefnd bókun hefur verið samþykkt, með fyrirvara um 6. mgr., skal samningur þessi gilda um þann flokk hluta sem bókunin tekur til.
- Ákvæði 45. gr. a í samningi þessum gilda því aðeins um fyrrnefnda bókun að sérstaklega sé kveðið á um það í bókuninni.

52. gr.

Svæðiseiningar.

1. Ef fyrir hendi eru svæðiseiningar innan samningsríkis, þar sem ólík lagakerfi gilda í tengslum við málefni sem samningur þessi tekur til, getur hlutaðeigandi samningsríki lýst því yfir, jafnhliða fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að gildissvið þessa samnings skuli ná til allra svæðiseininga þess eða einnar þeirra eða fleiri og getur breytt yfirlýsingu sinni með því að senda aðra yfirlýsingu hvenær sem er.
2. Í slíkri yfirlýsingu skal það skýrt tekið fram til hvaða svæðiseininga samningur þessi tekur.
3. Ef samningsríki hefur ekki gefið út yfirlýsingu skv. 1. mgr. gildir samningur þessi gagnvart öllum svæðiseiningum hlutaðeigandi ríkis.
4. Ef samningsríki lætur gildissvið þessa samnings ná til einnar svæðiseiningar sinnar eða fleiri er heimilt að gefa út yfirlýsingar, sem leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, vegna sérhverrar slíkrar svæðiseiningar og geta yfirlýsingar, sem eru gefnar út vegna einnar svæðiseiningar, verið frábrugðnar þeim sem gefnar eru út vegna annarrar svæðiseiningar.
5. Ef þessi samningur nær til einnar svæðiseiningar samningsríkis eða fleiri í krafti yfirlýsingar skv. 1. mgr.:
 - a. er aðeins litið svo á að skuldari sé staðsettur í samningsríki ef hann er skráður sem lögaðili eða stofnaður samkvæmt lögum sem gilda innan svæðiseiningar sem fellur undir þennan samning eða ef hann hefur skráða skrifstofu eða lögboðið aðsetur, miðstöð stjórnsýslu, starfsstöð eða fasta búsetu innan svæðiseiningar sem fellur undir þennan samning,
 - b. telst vísun til staðsetningar hlutar í samningsríki vera vísun til staðsetningar hans innan svæðiseiningar sem fellur undir þennan samning og
 - c. skal litið svo á að vísanir til stjórnvalda í því samningsríki vísi til þeirra stjórnvalda sem hafa lögsögu innan svæðiseiningar sem fellur undir þennan samning.

53. gr.

Ákvörðun um dómstóla.

Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýst því yfir hver skuli vera hlutaðeigandi dómstóll eða dómstólar með tilliti til 1. gr. og XII. kafla þessa samnings.

54. gr.

Yfirlýsingar varðandi úrræði.

1. Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að á meðan hlutur, sem er með tryggingarrétti, er staðsettur innan landsvæðis þess eða er stjórnað frá landsvæði þess skuli tryggingarhafi ekki leigja hlutinn út á því landsvæði.
2. Samningsríki skal, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýsa því yfir hvort einungis sé heimilt að beita úrræði, sem kröfuhafa stendur til boða samkvæmt ákvæði þessa samnings en ekki kemur fram að til þurfi beiðni til hlutaðeigandi dómstóls, að fengnu leyfi dómstólsins.

55. gr.

Yfirlýsingar varðandi réttarúrræði meðan endanlegs úrskurðar er beðið.

Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það muni ekki beita ákvæðum 13. gr. eða 43. gr., eða beggja greina, að öllu leyti eða að hluta. Í yfirlýsingunni skal koma fram við hvaða aðstæður viðkomandi grein verður beitt, ef henni verður beitt að hluta, eða að öðrum kosti hvaða annars konar réttarúrræðum til bráðabirgða verður beitt.

56. gr.

Fyrirvarar og yfirlýsingar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan en heimilt er að gefa út yfirlýsingar skv. 39., 40., 50., 52., 53., 54., 55., 57., 58. og 60. gr. í samræmi við þau ákvæði.
2. Tilkynna ber vörsluaðila skriflega um sérhverja yfirlýsingu eða síðari yfirlýsingu eða sérhverja afturköllun yfirlýsingar sem er gefin út samkvæmt samningi þessum.

57. gr.

Síðari yfirlýsingar.

1. Samningsaðili getur gefið út síðari yfirlýsingu, aðra en yfirlýsingu skv. 60. gr., hvenær sem er eftir þann dag þegar samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart honum, með því að tilkynna vörsluaðila um það.
2. Sérhver síðari yfirlýsing tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku. Komi fram í tilkynningunni að lengri tími líði uns fyrrnefnd yfirlýsing tekur gildi skal hún taka gildi að þeim tíma liðnum og eftir að vörsluaðili hefur veitt tilkynningunni viðtöku.
3. Þrátt fyrir málsgreinarnar hér að framan gildir þessi samningur áfram eins og engar slíkar síðari yfirlýsingar hafi verið gefnar út, að því er varðar öll réttindi og trygg-ingarréttindi sem urðu til fyrir gildistöku dag sérhverrar slíkrar síðari yfirlýsingar.

58. gr.

Afturköllun yfirlýsinga.

1. Sérhver samningsaðili, sem hefur gefið út yfirlýsingu samkvæmt samningi þessum, aðra en yfirlýsingu skv. 60. gr., getur afturkallað hana hvenær sem er með því að tilkynna vörsluaðila um það. Slík afturköllun skal taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Þrátt fyrir málsgreinina hér að framan gildir samningur þessi áfram eins og engin slík afturköllun yfirlýsingar hafi farið fram, að því er varðar öll réttindi og trygg-ingarréttindi sem urðu til fyrir gildistöku dag slíkrar afturköllunar.

59. gr.

Uppsagnir.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Sérhver slík uppsögn tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningu viðtöku.

3. Þrátt fyrir málsgreinarnar hér að framan gildir samningur þessi áfram eins og engin slík uppsögn hafi átt sér stað, að því er varðar öll réttindi og tryggingarréttindi sem urðu til fyrir gildistöku dag slíkrar uppsagnar.

60. gr.

Umbreytingarákvæði.

1. Samningurinn gildir ekki, nema samningsríki lýsi öðru yfir hvenær sem er, um eldri réttindi eða tryggingarréttindi sem halda þeim forgangi sem þau höfðu samkvæmt gildandi lögum fyrir gildistöku dag þessa samnings.
2. Að því er varðar v-lið 1. gr. og ákvörðun forgangsraðar samkvæmt samningi þessum:
 - a. merkir „gildistöku dagur þessa samnings“, að því er skuldara varðar, sá dagur þegar samningur þessi öðlast gildi eða sá dagur þegar ríkið, þar sem skuldarinn er staðsettur, gerist samningsríki, hvort sem síðar verður, og
 - b. er skuldari talinn staðsettur í ríki þar sem hann hefur miðstöð stjórnsýslu sinnar eða, hafi hann enga slíka miðstöð, starfsstöð sína eða, hafi hann fleiri en eina starfsstöð, aðalstarfsstöð sína eða, hafi hann enga starfsstöð, fasta búsetu.
3. Samningsríki getur, í yfirlýsingu sinni skv. 1. mgr., tilgreint dag, sem ber ekki upp fyrr en þremur árum eftir gildistöku dag yfirlýsingarinnar, þegar samningur þessi og bókunin munu öðlast gildi, að því er ákvörðun forgangsraðar varðar, m.a. verndun gildandi forgangs, gagnvart eldri réttindum eða tryggingarréttindum, sem stafa af samningi sem var gerður þegar skuldarinn var staðsettur í ríki sem um getur í b-lið málsgreinarinnar hér að framan, en aðeins að því marki og á þann hátt sem er tilgreint í yfirlýsingu þess.

61. gr.

Endurskoðunarráðstefnur, breytingar og tengd málefni.

1. Vörsluaðili skal taka saman skýrslur ár hvert, eða á öðrum tíma eftir því sem aðstæður kunna að krefjast, fyrir samningsaðilana um það hvernig hið alþjóðlega fyrirkomulag, sem er komið á með samningi þessum, hefur reynst. Við gerð fyrrnefndra skýrslna skal vörsluaðili hafa hliðsjón af skýrslum eftirlitsyfirvaldsins um starfsemi alþjóðlega skráningarkerfisins.
2. Vörsluaðili skal, í samráði við eftirlitsyfirvaldið, kalla saman endurskoðunarráðstefnur samningsaðilanna, öðru hverju og fari a.m.k. fjórðungur samningsaðila fram á það, þar sem fjalla skal um:
 - a. framkvæmd þessa samnings í reynd og hversu skilvirkur hann reynist við að greiða fyrir eignartengdri fjármögnun og leigu á þeim hlutum sem falla undir skilmála hans,
 - b. lagalega túlkun og beitingu skilmála þessa samnings og reglnanna,
 - c. starfsemi alþjóðlega skráningarkerfisins, frammistöðu skráningaryfirvaldsins og eftirlit með því af hálfu eftirlitsyfirvaldsins, með hliðsjón af skýrslum eftirlitsyfirvaldsins og
 - d. hvort æskilegt er að gera breytingar á samningi þessum eða fyrirkomulagi í tengslum við alþjóðlegu skrána.
3. Með fyrirvara um 4. mgr. þurfa a.m.k. tveir þriðju hlutar samningsaðila, sem taka þátt í ráðstefnunni sem um getur í málsgreininni hér að framan, að samþykkja breytingu á þessum samningi og öðlast slík breyting síðan gildi gagnvart þeim ríkjum, sem hafa

fullgilt, staðfest eða samþykkt hana, þegar þrjú ríki hafa fullgilt breytinguna, staðfest hana eða samþykkt í samræmi við ákvæði 49. gr. um gildistöku hennar.

4. Eigi tillaga að breytingu á samningi þessum að gilda um fleiri en einn flokk búnaðar skulu a.m.k. tveir þriðju hlutar samningsaðila að sérhverri bókun, sem taka þátt í ráðstefnunni sem um getur í 2. mgr., einnig samþykkja slíka breytingu.

62. gr.

Vörsluaðili og hlutverk hans.

1. Skjöl um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda til vörslu hjá Alþjóðastofnuninni fyrir samræmingu einkamálaréttar (UNIDROIT), sem hér með er tilnefnd sem vörsluaðili samningsins.
2. Vörsluaðili skal:
 - a. tilkynna öllum samningsríkjum um:
 - i. sérhverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu og um viðeigandi dagsetningu,
 - ii. gildistökudag þessa samnings,
 - iii. sérhverja yfirlýsingu sem er gefin út í samræmi við samning þennan og um viðeigandi dagsetningu,
 - iv. afturköllun sérhverrar yfirlýsingar eða breytingu á henni og um viðeigandi dagsetningu og
 - v. tilkynningu um sérhverja uppsögn þessa samnings og um viðeigandi dagsetningu, ásamt gildistökudegi uppsagnar,
 - b. senda öllum samningsríkjum staðfest rétt endurrit þessa samnings,
 - c. láta eftirlitsyfirvaldinu og skráningaryfirvaldinu í té endurrit sérhvers skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild, ásamt dagsetningu afhendingar til vörslu, endurrit sérhverrar yfirlýsingar eða afturköllunar yfirlýsingar eða breytingar á henni og endurrit sérhverrar tilkynningar um uppsögn, ásamt dagsetningu tilkynningar, þannig að upplýsingar, sem þar er að finna, séu auðveldlega og fullkomlega aðgengilegar og
 - d. sinna þeim störfum öðrum sem vörsluaðilar hafa almennt með höndum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Höfðaborg 16. nóvember 2001 í einu frumriti á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir og öðlast gildi þegar sameiginleg skrifstofa ráðstefnunnar, undir stjórn forseta ráðstefnunnar, hefur, innan níutíu daga frá þeim degi, staðfest að samræmi sé á milli textanna.

Fylgiskjal II.

BÓKUN

við samninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði, um málefni sem varða aðeins loftför.

RÍKIN, SEM ERU AÐILAR AÐ BÓKUN ÞESSARI,

SEM TELJA að nauðsyn beri til að framkvæma samninginn um alþjóðlegar tryggingar í hreyfanlegum tækjabúnaði (hér á eftir nefndur „samningurinn“), að því leyti sem hann lýtur að búnaði í loftför, í ljósi þeirra markmiða sem sett eru fram í formálsorðum samningsins.

SEM ERU MINNUG nauðsynjar þess að laga samninginn að sérstökum kröfum á sviði fjármögnunar loftfara og útvíkka gildissvið samningsins þannig að hann taki til samninga um sölu búnaðar í loftför.

SEM ERU MINNUG meginreglna og markmiða samþykktarinnar um alþjóðaflugmál sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944.

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi ákvæði um búnað í loftför:

I. KAFLI

Gildissvið og almenn ákvæði.

I. gr.

Skilgreiningar á hugtökum.

1. Í bókun þessari er merking hugtaka sú sama og sett er fram í samningnum, nema annað leiði af samhengi;
2. Í bókun þessari eru eftirfarandi hugtök notuð í þeirri merkingu sem sett er fram hér að aftan:
 - a. „loftfar“ merkir loftför, eins og það orð er skilgreint að því er tekur til Chicago-samþykktarinnar, sem eru annaðhvort flugskrokkur með áfestum hreyflum loftfara eða þylur;
 - b. „hreyflar loftfara“ merkir hreyfla loftfara (aðra en þá sem eru notaðir hjá her, tollþjónustu eða lögreglu) sem eru knúnir þrýstilofti eða með hverfil- eða bullutækni og
 - i. er um ræðir hreyfla loftfara knúna þrýstilofti, hafa kný sem er a.m.k. 1750 pund eða jafngildi hans; og
 - ii. er um ræðir hreyfla loftfara knúna með hverfil- eða bullutækni, hafa snúningsáss-nafnhestöfl við flugtak sem eru a.m.k. 550 eða jafngildi þeirra; ásamt öllum einingum og öðrum uppsettum, innfelldum eða áfestum fylgihlutum, hlutum og tækjabúnaði og öllum gögnum, handbókum og skráum sem þeim tengjast;
 - c. „loftfarshlutir“ merkir flugskrokka, hreyfla loftfara og þylur;
 - d. „skrá um loftför“ merkir skrá sem ríki heldur eða yfirvald sem skráir alþjóðleg sammerki að því er tekur til Chicago-samþykktarinnar;
 - e. „flugskrokkar“ merkir flugskrokka (aðra en þá sem eru notaðir hjá her, tollþjónustu eða lögreglu) sem, með ásettum viðeigandi hreyflum loftfara, til þess bær flugmálafyrirvöld hafa gerðarvottað til þess að flytja:
 - i. a.m.k. átta (8) manns, þar með talda áhöfn; eða
 - ii. yfir 2750 kg af vörum;

ásamt öllum uppsettum, innfelldum eða áfestum fylgihlutum, hlutum og tækjabúnaði (öðrum en hreyflum loftfara) og öllum gögnum, handbókum og skráum sem þeim tengjast;

- f. „heimildarhafi“ merkir þann aðila er um getur í 3. mgr. XIII. gr.;
- g. „Chicago-samþykkt“ merkir samþykktina um alþjóðaflugmál, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944 með áorðnum breytingum, ásamt viðaukum við hana;
- h. „yfirvald sem skráir alþjóðleg sammerki“ merkir það yfirvald sem heldur skrá í samræmi við 77. gr. Chicago-samþykktarinnar, eins og hún kemur til framkvæmda samkvæmt ályktuninni um heimaríki og skráningu loftfara, sem alþjóðleg rekstrarsamtök reka, sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti 14. desember 1967;
- i. „afskráning loftfars“ merkir útstrikun eða afmáningu loftfars úr viðkomandi skrá um loftför í samræmi við Chicago-samþykktina;
- j. „ábyrgðarsamningur“ merkir samning sem aðili gerir sem ábyrgðarmaður;
- k. „ábyrgðarmaður“ merkir hvern þann sem, í því skyni að tryggja efndir einhverra skuldbindinga kröfuhafa í hag sem eru tryggðar með samningi til tryggingar á efndum eða samkvæmt samningi, ábyrgist eða gefur út ábyrgðarskuldbindingu eða ábyrgð á kröfu eða bakábyrgð eða greiðsluþryggingu í einhverri annarri mynd;
- l. „þyrlur“ merkir loftför þyngri en loft (önnur en þau sem eru notuð hjá her, tollþjónustu eða lögreglu) sem haldast á lofti mestmegnis vegna gagnverkunar lofts á einn eða fleiri afknúna þyrla á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir og til þess bær flugmálayfirvöld hafa gerðarvottað til þess að flytja:
 1. a.m.k. átta fimm (5) manns, þar með talda áhöfn; eða
 2. yfir 450 kg af vörum;

ásamt öllum uppsettum, innfelldum eða áfestum fylgihlutum, hlutum og tækjabúnaði (þar með töldum þyrlum) og öllum gögnum, handbókum og skráum sem þeim tengjast;

- m. „atvik er tengist greiðsluferfiðleikum“ merkir:
 - i. upphaf málsmeðferðar vegna greiðsluferfiðleika; eða
 - ii. yfirlýst áform skuldara um að stöðva greiðslur eða eiginlega greiðslustöðvun af hans hálfu þegar lög eða aðgerðir ríkis koma í veg fyrir að kröfuhafi geti neytt réttar síns til að höfða gjaldþrotamál gegn skuldara, eða meina honum það um stundarsakir, eða til að beita úrræðum samkvæmt samningnum;
- n. „aðallögsagnarumdæmi í gjaldþrotamáli“ merkir það samningsríki þar sem meginhagsmunir skuldarans eru, sem í þessu tilviki skal talið vera sá staður þar sem skuldari hefur lögboðið aðsetur eða, hafi hann ekki slíkt aðsetur, sá staður þar sem skuldarinn er skráður eða stofnaður, nema sönnur séu færðar á annað;
- o. „skráningaryfirvald“ merkir innlent yfirvald eða yfirvald sem skráir alþjóðleg sammerki, sem heldur skrá um loftför í samningsríki og ber ábyrgð á skráningu og afskráningu loftfara í samræmi við Chicago-samþykktina; og
- p. „skráningarríki“ merkir, að því er varðar loftför, ríkið í landsskránni, sem viðkomandi loftfar er fært í, eða ríkið þar sem yfirvaldið, sem skráir alþjóðleg sammerki og heldur skrána um loftför, er staðsett.

II. gr.

Gildissvið samningsins með tilliti til loftfarshluta.

1. Samningurinn gildir með tilliti til loftfarshluta með þeim hætti sem hugtökin í bókun þessari segja fyrir um.
2. Samningurinn og bókun þessi skulu kunn sem samningurinn um alþjóðlegar tryggingar í hreyfanlegum tækjabúnaði eins og hann gildir um loftfarshluta.

III. gr.

Gildissvið samningsins með tilliti til sölu.

Eftirfarandi ákvæði samningsins gilda líkt og vísanir til samnings, sem stofnar eða lætur í té alþjóðlega tryggingu, væru vísanir til sölusamnings og líkt og vísanir til alþjóðlegrar tryggingar, væntanlegrar alþjóðlegrar tryggingar, skuldarans og kröfuhafans væru vísanir til sölu, væntanlegrar sölu, seljandans og kaupandans hvers um sig:

- 3. og 4. gr.;
- a-liður 1. mgr. 16. gr.;
- 4. mgr. 19. gr.;
- 1. mgr. 20. gr. (með tilliti til skráningar sölusamnings eða væntanlegrar sölu);
- 2. mgr. 25. gr. (með tilliti til væntanlegrar sölu); og
- 30. gr.

Auk þess gilda almenn ákvæði 1. gr., 5. gr., IV. til VII. kafla, 29. gr. (önnur en ákvæði 3. mgr. 29. gr. sem ákvæði 1. og 2. mgr. XIV. gr. koma í stað fyrir), X. kafla, XII. kafla (önnur en ákvæði 43. gr.), XIII. kafla og XIV. kafla (önnur en ákvæði 60. gr.) um sölusamninga og væntanlega sölu.

IV. gr.

Gildissvið.

1. Samningurinn skal, án þess að hafa áhrif á 1. mgr. 3. gr. hans, einnig gilda um þyrlur eða flugskrokka sem tilheyra loftförum, sem eru skráð í skrá samningsríkis um loftför sem er hlutaðeigandi skráningarríki, og fari slík skráning fram samkvæmt samningi um skráningu viðkomandi loftfars ber að líta svo á að hún hafi öðlast gildi þegar sá samningur var gerður.
2. Að því er varðar skilgreiningu hugtaksins „viðskipti innanlands“ í 1. gr. samningsins:
 - a. er flugskrokkur staðsettur í skráningarríki þess loftfars sem hann er hluti af;
 - b. er hreyfill loftfars staðsettur í skráningarríki þess loftfars sem hann er festur á eða, sé hann ekki festur á loftfar, þar sem hann er staðsettur í raun og veru; og
 - c. er þyrla staðsett í skráningarríki,
 þegar kemst á samningur um að stofna eða láta í té tryggingu.
3. Aðilar geta, með skriflegum samningi, útilokað ákvæði XI. gr. og, í samskiptum sín á milli, vikið frá eða breytt áhrifum ákvæða þessarar bókunar, að ákvæðum 2.-4. mgr. IX. gr. undanskildum.

V. gr.

Formsatriði, áhrif og skráning sölusamninga.

1. Í bókun þessari er sölusamningur samningur sem:
 - a. er skriflegur;
 - b. varðar loftfarshlut sem seljandi má ráðstafa; og
 - c. gerir kleift að greina loftfarshlutinn í samræmi við ákvæði bókunar þessarar.
2. Með sölusamningi er trygging seljanda í viðkomandi loftfarshlut yfirfærð til kaupanda samkvæmt skilmálum hans.
3. Skráning sölusamnings fellur aldrei úr gildi. Skráning væntanlegrar sölu heldur gildi sínu, nema hún sé afmáð eða sá tími er um getur í skráningunni sé út runninn, ef um slík tíma-mörk er að ræða.

VI. gr.

Staða málsvara.

Aðili getur gert samning eða gengið frá sölu og skráð alþjóðlega tryggingu í, eða sölu á, loftfarshlut sem umboðsaðili, fjárhaldsmaður eða í annarri stöðu sem málsvari. Í slíku tilvikum getur hlutaðeigandi aðili haldið fram réttindum og tryggingum samkvæmt samningi þessum.

VII. gr.

Lýsing loftfarshluta.

Lýsing loftfarshlutar, þar sem raðnúmer og nafn framleiðanda hans koma fram ásamt tegundarauðkenni hlutarins, er nauðsynleg og fullnægjandi til þess að greina hlutinn með tilliti til c-liðar 7. gr. samningsins og c-liðar 1. mgr. V. gr. bókunar þessarar.

VIII. gr.

Val laga sem skulu gilda.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda því aðeins að samningsríki hafi gefið út yfirlýsingu skv. 1. mgr. XXX. gr.
2. Aðilar að samningi eða sölusamningi eða skyldum ábyrgðarsamningi eða samningi um undirskipun geta komið sér saman um þau lög sem skulu gilda um samningsréttindi þeirra og -skuldbindingar, að öllu leyti eða að hluta.
3. Nema samkomulag sé um annað er vísun í 2. mgr. hér að framan til laga, sem aðilar velja, vísun til innlendra réttarreglna hins tilnefnda ríkis eða, samanstandi það af nokkrum stökum landsvæðum, til innlendra laga hins tilnefnda landsvæðis.

II. KAFLI

Vanefndarúrræði, forgangsréttur og framsal.

IX. gr.

Breytingar á ákvæðum um vanefndarúrræði.

1. Auk þeirra úrræða sem eru tilgreind í III. kafla samningsins er kröfuhafa heimilt, að því leyti sem skuldari hefur samþykkt það hverju sinni og við þær aðstæður sem eru tilgreindar í þeim kafla:
 - a. að fá því framgengt að loftfarið sé afskráð; og
 - b. að fá því framgengt að loftfarshlutarinn sé fluttur út og færður í efnislegum skilningi frá því landsvæði þar sem hann er staðsettur.
2. Kröfuhafi skal ekki beita úrræðum skv. 1. mgr. hér að framan án fyrirfram fengins skriflegs samþykkis handhafa skráðrar tryggingar sem er ofar í forgangsröð en trygging kröfuhafa.
3. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. samningsins gildir ekki um loftfarshluti. Sérhverju úrræði, sem kveðið er á um í samningnum og varðar loftfarshlut, skal beitt í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Líta ber svo á að úrræði sé beitt í samræmi við eðlilega viðskiptahætti sé það gert í samræmi við ákvæði viðkomandi samnings, nema slíkt ákvæði sé bersýnilega ósanngjarn.
4. Tryggingarhafi, sem tilkynnir skriflega um fyrirhugaða sölu eða leigu til hagsmunaaðila með að minnsta kosti tíu virkra daga fyrirvara, skal talinn uppfylla kröfunu um „sanngjarnan fyrirvara“ sem er tilgreind í 4. mgr. 8. gr. samningsins. Það kemur þó ekki í veg fyrir að tryggingarhafi og tryggingargjafi eða ábyrgðarmaður geti samið um lengri fyrirvara á fyrir fram gefinni tilkynningu.

5. Skráningaryfirvald í samningsríki skal, með fyrirvara um gildandi lög og reglur um öryggi, samþykkja beiðni um afskráningu og útflutning ef:
 - a. beiðnin er réttilega lögð fram af heimildarhafanum samkvæmt skráðri, óafturkræfri heimild til þess að biðja um afskráningu og útflutning; og
 - b. heimildarhafinn staðfestir gagnvart skráningaryfirvaldinu, krefjist það þess, að allar skráðar tryggingar, sem eru ofar í forgangsröð en trygging þess kröfuhafa sem heimildin hefur verið gefin út vegna, hafi verið afmáðar eða að handhafar slíkra trygginga hafi veitt samþykki sitt fyrir afskráningu og útflutningi.
6. Tryggingarhafi, sem áformar að fá afskráningu og útflutningi loftfars framgengt skv. 1. mgr., með öðrum hætti en samkvæmt dómsúrskurði, skal, með sanngjörnum fyrirvara, tilkynna eftirtöldum aðilum skriflega afskráningu og útflutning:
 - a. hagsmunaaðilum sem eru tilgreindir í i. og ii. lið m-liðar 1. gr. samningsins; og
 - b. hagsmunaaðilum sem eru tilgreindir í iii. lið m-liðar 1. gr. samningsins og hafa tilkynnt tryggingarhafa um rétt sinn með sanngjörnum fyrirvara áður en til afskráningar og útflutnings kemur.

X. gr.

Breytingar á ákvæðum um úrlausn meðan endanlegs úrskurðar er beið.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda því aðeins að samningsríki hafi gefið út yfirlýsingu skv. 2. mgr. XXX. gr. og að því marki sem tekið er fram í slíkri yfirlýsingu.
2. Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. samningsins merkir „skjót“, með tilliti til þess að fá úrlausn, innan þess fjölda virkra daga frá því að umsókn um úrlausn er lögð fram og fram kemur í yfirlýsingu þess samningsríkis þar sem umsóknin er lögð fram.
3. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. samningsins gildir að viðbættu eftirfarandi í beinu framhaldi af d-lið:

„e. semji skuldari og kröfuhafi einhvern tíma um það sérstaklega að selja og að nýta ágóðann af sölunni“,

og 2. mgr. 43. gr. gildir með innskoti orðanna „og e-“ á eftir „d-“ í yrðingunni „d-lið 1. mgr. 13. gr.“.
4. Eignarréttur eða aðrar tryggingar skuldara, sem yfirfærast með sölu skv. 3. mgr. hér að framan, eru óháðar öðrum tryggingum sem eru neðar í forgangsröð en alþjóðleg trygging kröfuhafa samkvæmt ákvæðum 29. gr. samningsins.
5. Kröfuhafi og skuldari eða sérhver annar hagsmunaaðili getur gert skriflegt samkomulag um að beita ekki ákvæði 2. mgr. 13. gr. samningsins.
6. Að því er varðar úrræði skv. 1. mgr. IX. gr.:
 - a. skulu þau gerð tiltæk af hálfu skráningaryfirvalds og annarra stjórnvalda, eftir atvikum, í samningsríki eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að kröfuhafi tilkynnir slíkum yfirvöldum um að úrlausnin skv. 1. mgr. IX. gr. hafi verið veitt eða, í því tilviki er erlendur dómstóll veitir úrlausn, að dómstóll fyrrnefnds samningsríkis hafi viðurkennt hana og að kröfuhafa beri réttur til að fá fyrrnefndum úrræðum framgengt í samræmi við samninginn; og
 - b. skulu til þess bær yfirvöld tafarlaust hafa samvinnu við kröfuhafann og aðstoða hann við að beita fyrrnefndum úrræðum í samræmi við gildandi lög og reglur um flugöryggi.
7. Ákvæði 2. og 6. mgr. hafa engin áhrif á gildandi lög og reglur um flugöryggi.

XI. gr.

Úrræði vegna greiðsluerfiðleika.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda því aðeins að sammingsríki, sem er aðallögsagnarumdæmi í gjaldþrotamáli, hafi gefið út yfirlýsingu skv. 3. mgr. XXX. gr.

Valkostur A.

2. Eigi sér stað atvik, er tengist greiðsluerfiðleikum, skal skiptastjóri eða skuldari, eftir atvikum, með fyrirvara um ákvæði 7. mgr., fá kröfuhafa viðkomandi loftfarshlut til umráða eigi síðar en, hvort sem fyrr verður:
 - a. við lok biðtímans; og
 - b. þann dag þegar kröfuhafinn myndi eiga tilkall til umráða yfir viðkomandi loftfarshlut, giltu ákvæði þessarar greinar ekki.
3. „Biðtíminn“ skal, að því er þessa grein varðar, vera það tímabil sem er tilgreint í yfirlýsingu þess sammingsríkis sem er aðallögsagnarumdæmi í gjaldþrotamáli.
4. Vísanir í þessari grein til „skiptastjóra“ eru vísanir til viðkomandi sem opinbers embættismanns en ekki sem einstaklings.
5. Að því undanskildu að kröfuhafa sé gefið færi á að fá umráð skv. 2. mgr. og þangað til að því kemur:
 - a. skal skiptastjóri eða skuldari, eftir atvikum, varðveita viðkomandi loftfarshlut og viðhalda honum og verðgildi hans í samræmi við viðkomandi samning; og
 - b. ber kröfuhafa réttur til að leita eftir hverri annarri bráðabirgðaúrlausn sem völ er á samkvæmt gildandi lögum.
6. Ákvæði a-liðar 5. mgr. hér að framan útilokar ekki að viðkomandi loftfarshlutur sé notaður samkvæmt tilhögun sem er ætlað að varðveita viðkomandi loftfarshlut og viðhalda honum og verðgildi hans.
7. Skiptastjóri eða skuldari, eftir atvikum, getur fengið viðkomandi loftfarshlut til umráða á ný hafi hann, við lok þess tímabils er um getur í 2. mgr., bætt fyrir allar vanefndir, aðrar en vanefnd sem á rót sína að rekja til upphafs málsmeðferðar vegna greiðsluerfiðleika, og samþykkt að efna allar framtíðarskuldbindingar samkvæmt viðkomandi samningi. Um annan biðtíma er ekki að ræða komi til vanefnda á fyrrnefndum skuldbindingum.
8. Að því er varðar úrræði skv. 1. mgr. IX. gr.:
 - a. skulu þau gerð tiltæk af hálfu skráningaryfirvalds og stjórnvalda, eftir atvikum, í sammingsríki eigi síðar en fimm virkum dögum eftir þann dag þegar kröfuhafi tilkynnir slíkum yfirvöldum um rétt sinn til að fá fyrrnefndum úrræðum framgengt í samræmi við samninginn; og
 - b. skulu til þess bær yfirvöld tafarlaust hafa samvinnu við kröfuhafann og aðstoða hann við að beita fyrrnefndum úrræðum í samræmi við gildandi lög og reglur um flugöryggi.
9. Óheimilt er að koma í veg eða tefja fyrir því að beitt sé úrræðum, sem eru heimil samkvæmt samningnum eða bókun þessari, eftir þann dag sem er tilgreindur í 2. mgr.
10. Óheimilt er að breyta skuldbindingum skuldara samkvæmt viðkomandi samningi án samþykkis kröfuhafa.
11. Eigi skal túlka ákvæði 10. mgr. hér að framan með þeim hætti að hafi áhrif á vald skiptastjóra, samkvæmt gildandi lögum, til að segja viðkomandi samningi upp hafi hann slíkt vald.

12. Engin réttindi eða tryggingar, að undanskildum lögbundnum réttindum eða tryggingum sem tilheyra flokki sem er tiltekinn í yfirlýsingu skv. 1. mgr. 39. gr., ganga frammar skráðum tryggingum við málsmeðferð vegna greiðsluerfiðleika.
13. Samningurinn, með áorðnum breytingum skv. IX. gr. bókar þessarar, gildir þegar beita á úrræðum samkvæmt þessari grein.

Valkostur B.

2. Eigi sér stað atvik, er tengist greiðsluerfiðleikum, skal skiptastjóri eða skuldari, eftir atvikum, að beiðni kröfuhafa, tilkynna kröfuhafa, innan þeirra tímamarka er um getur í yfirlýsingu sammingsríkis skv. 3. mgr. XXX. gr., hvort hann muni:
 - a. bæta fyrir allar vanefndir, aðrar en vanefnd sem á rót sína að rekja til upphafs málsmeðferðar vegna greiðsluerfiðleika, og samþykkja að efna allar framtíðarskuldbindingar samkvæmt viðkomandi samningi og viðskiptaskjölum sem honum tengjast; eða
 - b. gefa kröfuhafa færi á að fá viðkomandi loftfarshlut til umráða í samræmi við ákvæði gildandi laga.
3. Gildandi lög skv. b-lið 2. mgr. hér að framan kunna að heimila dómstólnum að gera kröfu um að gripið verði til viðbótarráðstafana eða að lagðar verði fram viðbótarábyrgðir.
4. Kröfuhafi skal færa sönnur á kröfur sínar og sanna að alþjóðleg trygging hans hafi verið skráð.
5. Sendi skiptastjóri eða skuldari, eftir atvikum, kröfuhafa ekki tilkynningu skv. 2. mgr., eða hafi skiptastjóri eða skuldari lýst því yfir að hann muni gefa kröfuhafa færi á að fá viðkomandi loftfarshlut til umráða en gerir það ekki, getur dómstóllinn heimilað kröfuhafa að fá viðkomandi loftfarshlut til umráða með þeim skilmálum sem dómstóllinn kann að setja og getur dómstóllinn krafist þess að gripið verði til viðbótarráðstafana eða að lagðar verði fram viðbótarábyrgðir.
6. Viðkomandi loftfarshlut skal eigi selja meðan beðið er ákvörðunar dómstóls um framkomna kröfu og alþjóðlega tryggingu.

XII. gr.

Aðstoð í málum vegna greiðsluerfiðleika.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda því aðeins að sammingsríki hafi gefið út yfirlýsingu skv. 1. mgr. XXX. gr.
2. Dómstólar þess sammingsríkis þar sem loftfarshlutur er staðsettur skulu, í samræmi við lög sammingsríkisins og eins og aðstæður frekast leyfa, vinna með erlendum dómstólum og erlendum skiptastjórum að því að hrinda ákvæðum XI. gr. í framkvæmd.

XIII. gr.

Heimild til að biðja um afskráningu og útflutning.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda því aðeins að sammingsríki hafi gefið út yfirlýsingu skv. 1. mgr. XXX. gr.
2. Eftir að skuldari hefur gefið út óafturkræfa heimild til að biðja um afskráningu og útflutning, efnislega í þeirri mynd sem er birt í viðauka við bókun þessa, og sent skráningaryfirvaldi til skráningar skal skrá hana sem slíka heimild.
3. Sá sem heimildin hefur verið gefin út handa („heimildarhafinn“) eða sannanlegur fulltrúi hans skal einum heimilt að beita úrræðum skv. 1. mgr. IX. gr. og skal gera það eingöngu

samkvæmt heimildinni og gildandi lögum og reglum um flugöryggi. Skuldara er óheimilt að afturkalla heimildina án skriflegs samþykkis heimildarhafans. Hlutaðeigandi skráningaryfirvald skal afmá heimildina úr skránni að beiðni heimildarhafans.

4. Skráningaryfirvald og önnur stjórnvöld í samningsríkjum skulu tafarlaust hafa samvinnu við heimildarhafann og aðstoða hann við að beita úrræðum skv. IX. gr.

XIV. gr.

Breytingar á forgangsákvæðum.

1. Kaupandi loftfarshlutar fær, í krafti skráðrar sölu, tryggingu í hlutnum óháð tryggingu sem skráð er seinna og óskráðri tryggingu, jafnvel þó kaupandinn hafi í raun vitneskju um hina óskráðu tryggingu.
2. Kaupandi loftfarshlutar fær tryggingu sína í hlutnum, með fyrirvara um tryggingu sem er skráð þegar hann fær hana.
3. Eignarréttur eða annar réttur eða trygging í hreyfli loftfars stendur óhaggaður þrátt fyrir að hreyfillinn sé festur á loftfar eða fjarlægður af því.
4. Ákvæði 7. mgr. 29. gr. samningsins gildir um grip, annan en hlut, sem er festur á flugskrokk, hreyfil loftfars eða þyrilu.

XV. gr.

Breytingar á framsalsákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. 33. gr. samningsins gildir eins og eftirfarandi hafi verið bætt við í beinu framhaldi af b-lið:

„og c. skuldarinn hefur gefið skriflegt samþykki sitt, óháð því hvort það sé gefið á undan framsalinu eða hvort framsalshafinn sé tilgreindur í því.“

XVI. gr.

Ákvæði um skuldara.

1. Sé ekki um vanefndir að ræða í skilningi 11. gr. samningsins ber skuldara réttur til að hafa afskiptalaus umráð yfir eða not af viðkomandi hlut, í samræmi við ákvæði viðkomandi samnings, andspænis:
 - a. kröfuhafa sínum og handhafa hverrar þeirrar tryggingar sem skuldarinn rekur þau réttindi til sem eru óháð öllum tryggingum skv. 4. mgr. 29. gr. samningsins, eða, sem kaupandi, 1. mgr. XIV. gr. bókunar þessarar, nema og að því marki sem skuldarinn hefur samþykkt annað; og
 - b. handhafa hverrar þeirrar tryggingar sem réttindi skuldarans eða trygging er bundin skv. 4. mgr. 29. gr. samningsins, eða, sem kaupandi, 2. mgr. XIV. gr. bókunar þessarar, en aðeins að því marki, ef um það er að ræða, sem slíkur handhafi hefur veitt samþykki sitt.
2. Ekkert í samningi þessum eða bókun þessari hefur áhrif á ábyrgð kröfuhafa ef ekki er staðið við viðkomandi samning samkvæmt gildandi lögum, að því leyti sem sá samningur tengist loftfarshlut.

III. KAFLI

Ákvæði um skrána er varða alþjóðlegar tryggingar í loftfarshlutum.

XVII. gr.

Eftirlitsyfirvald og skrásetjari.

1. Eftirlitsyfirvaldið skal vera sú alþjóðastofnun sem tilnefnd er í ályktun sem ráðstefna stjórnarerindreka um samþykkt samnings um hreyfanlegan tækjabúnað og bókun um loftför samþykkir.
2. Hafi sú alþjóðastofnun, er um getur í 1. mgr. hér að framan, ekki getu og vilja til að gegna hlutverki eftirlitsyfirvalds ber að halda ráðstefnu undirritunar- og samningsríkja í því skyni að tilnefna annað eftirlitsyfirvald.
3. Eftirlitsyfirvaldið skal, ásamt embættismönnum þess og starfsliði, njóta þeirrar friðhelgi, að því er varðar málsókn og meðferð af hálfu stjórnvalda, sem reglur, sem um það gilda sem alþjóðastofnun, mæla fyrir um eða samskonar friðhelgi með öðrum hætti.
4. Eftirlitsyfirvaldið getur skipað nefnd sérfræðinga, sem eru valdir úr hópi þeirra sem undirritunar- og samningsríkin tilnefna og hafa nauðsynlega menntun og hæfi og reynslu, og falið henni það verkefni að aðstoða eftirlitsyfirvaldið við að skila hlutverki sínu.
5. Skrásetjarinn skal hafa umsjón með alþjóðlegu skránni í fimm ár frá þeim degi er bókun þessi öðlast gildi. Að þeim tíma liðnum skal eftirlitsyfirvaldið skipa eða endurskipa skrásetjarann til fimm ára í senn.

XVIII. gr.

Fyrstu reglugerðir.

Eftirlitsyfirvaldið skal gefa út fyrstu reglugerðirnar í því augnamiði að þær taki gildi jafnhliða því að bókun þessi öðlast gildi.

XIX. gr.

Tilnefndir milliliðir.

1. Samningsríki getur hvenær sem er, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., tilnefnt stofnun eða stofnanir á landsvæði sínu sem þjóni hlutverki milliliðar eða milliliða sem skulu taka eða geta tekið við upplýsingum og sent áfram alþjóðlegu skránni, þ.e. nauðsynlegum upplýsingum vegna skráningar, annarrar en skráningar tilkynningar um innlendar tryggingar eða réttindi eða tryggingar skv. 40. gr. sem, í hvoru tilviki sem er, eru fram komin samkvæmt lögum annars ríkis.
2. Samkvæmt tilnefningu, er um getur í 1. mgr. hér að framan, má heimila, en ekki skylda, notkun milliliðar eða milliliða þegar senda á nauðsynlegar upplýsingar vegna skráningar hreyfla loftfara.

XX. gr.

Viðbótarbreytingar á ákvæðum um skrána.

1. Leitarviðmiðanir fyrir loftfarshlut skulu, að því er varðar 6. mgr. 19. gr. samningsins, vera nafn framleiðanda hlutarins, raðnúmer framleiðanda hans ásamt tegundarauðkenni, með nauðsynlegum viðbótarupplýsingum til þess að sérstæði hlutarins komi skýrt fram. Tilgreina ber slíkar viðbótarupplýsingar í reglugerðunum.
2. Handhafi skráðrar, væntanlegrar tryggingar eða skráðs, væntanlegs afsals alþjóðlegrar tryggingar eða sá sem væntanleg sala hefur verið skráð vegna skal, að því er varðar 2. mgr. 25. gr. samningsins og við þær aðstæður sem þar er lýst, gera þær ráðstafanir sem eru í valdi hans til þess að fá því framgengt að skráningin verði afmáð eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að kröfu, sem þar er lýst, er veitt viðtaka.

3. Ákveða ber gjöldin skv. h-lið 2. mgr. 17. gr. samningsins með það að markmiði að standa straum af eðlilegum kostnaði samfara því að stofnsetja alþjóðlegu skrána, reka hana og stýra henni og af eðlilegum kostnaði eftirlitsyfirlagsins í tengslum við þau hlutverk, það vald og þau skyldustörf þess sem ráðgerð eru skv. 2. mgr. 17. gr. samningsins.
4. Skrásetjari skal gegna hlutverkum og stýra verkefnum, sem eru undir einni stjórn og alþjóðlegu skránni eru falin, allan sólarhringinn. Mismunandi milliliðir skulu bjóða fram þjónustu sína alltaf á hefðbundnum vinnutíma, hver á sínu landsvæði.
5. Fjárhæð tryggingar eða fjárhagslegrar ábyrgðar skv. 4. mgr. 28. gr. samningsins skal, í hverju tilviki um sig, jafngilda að minnsta kosti hámarksverðmæti loftfarshlutar samkvæmt ákvörðun eftirlitsyfirlagsins.
6. Ekkert í samningnum kemur í veg fyrir að skrásetjari afli sér tryggingar eða fjárhagslegrar ábyrgðar vegna atvika sem hann ber ekki ábyrgð á skv. 28. gr. samningsins.

IV. KAFLI

Lögsaga.

XXI. gr.

Breyting á ákvæðum um lögsögu.

Að því er varðar 43. gr. samningsins og með fyrirvara um ákvæði 42. gr. hans fellur hlutur, þ.e. þyrila eða flugskrokkur sem hlutaðeigandi ríki er skráningarríki fyrir, einnig undir lögsögu dómstóls þess samningsríkis.

XXII. gr.

Afsal friðhelgi á grundvelli fullveldis.

1. Afsal friðhelgi á grundvelli fullveldis gagnvart lögsögu dómstólanna, sem um getur í 42. og 43. gr. samningsins eða varðar fullnustu réttinda og fullnað trygginga sem tengjast loftfarshlut samkvæmt samningnum, er bindandi, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., og skal duga til að veita lögsögu og heimila fullnustu, eftir því sem við á, hafi öðrum skilyrðum fyrir slíkri lögsögu eða fullnustu verið fullnægt.
2. Afsal samkvæmt 1. mgr. hér að framan skal vera skriflegt og innihalda lýsingu viðkomandi loftfarshlutar.

V. KAFLI

Tengsl við aðra samninga.

XXIII. gr.

Tengsl við samninginn um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum.

Að því er varðar samningsríki, sem er aðili að samningnum um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum sem var undirritaður í Genf 19. júní 1948, skal samningurinn leysa af hólmi fyrrnefndan samning með tilliti til loftfara, með þeim hætti sem er útskýrt í bókun þessari, og loftfarshluta. Samt sem áður skal eigi leysa Genfarsamninginn af hólmi að því er varðar tryggingar og réttindi sem samningur þessi fjallar ekki um eða hefur áhrif á.

XXIV. gr.

Tengsl við samninginn um samræmingu tiltekinna reglna um löggeymslu loftfara í varúðarskyni.

1. Að því er varðar samningsríki, sem er aðili að samningnum um samræmingu tiltekinna reglna um löggeymslu loftfara í varúðarskyni sem var undirritaður í Róm 29. maí 1933,

skal samningurinn leysa af hólmi fyrrnefndan samning með tilliti til loftfara með þeim hætti sem er útskýrt í bókun þessari.

2. Samningsríki, sem er aðili að fyrrnefndum samningi, er heimilt að lýsa því yfir, jafnhliða því að hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni, að hann muni ekki beita ákvæðum þessarar greinar.

XXV. gr.

Tengsl við UNIDROIT-samninginn um alþjóðlega eignarleigu.

Samningurinn leysir af hólmi UNIDROIT-samninginn um alþjóðlega eignarleigu, sem var undirritaður í Ottawa 28. maí 1988, að því leyti sem hann varðar loftfarshluti.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

XXVI. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Höfðaborg hinn 16. nóvember 2001 af hálfu þátttökuríkja ráðstefnu stjórnarereindreka um samþykkt samnings um hreyfanlegan tækjabúnað og bókun um loftför sem var haldin í Höfðaborg 29. október til 16. nóvember 2001. Eftir 16. nóvember 2001 skal bókun þessi liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum Alþjóðastofnunarinnar fyrir samræmingu einkamálaréttar (UNIDROIT) í Róm uns hún öðlast gildi í samræmi við XXVIII. gr.
2. Bókun þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki ríkja sem hafa undirritað hana.
3. Hvert það ríki sem undirritar ekki bókun þessa getur gerst aðili að henni hvenær sem er.
4. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild fer fram með því að afhenda vörsluaðila formlegt skjal þess efnis til vörslu.
5. Ríki er óheimilt að gerast aðili að bókun þessari nema það gerist einnig aðili að samningnum.

XXVII. gr.

Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu.

1. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem fullvalda ríki stofna lögformlega og tiltekin mál, sem bókun þessi tekur til, heyra undir er á sama hátt heimilt að undirrita, staðfesta eða samþykkja bókun þessa eða gerast aðili að henni. Í því tilviki skal hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu hafa réttindi og skyldur samningsríkis að því marki sem mál, sem bókun þessi tekur til, heyra undir hana. Hafi fjöldi samningsríkja sérstaka þýðingu samkvæmt bókun þessari skal hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu ekki talin samningsríki auk aðildarríkja hennar sem jafnframt eru samningsríki.
2. Hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, þegar undirritun, staðfesting, samþykki eða aðild fer fram, tilgreina í yfirlýsingu til vörsluaðila hvaða mál, sem bókun þessi tekur til, aðildarríki hennar hafi fært undir valdsvið hennar. Hlutaðeigandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal tilkynna vörsluaðila tafarlaust um allar breytingar sem verða á úthlutun valdsviðs, meðal annars færslu nýrra mála undir valdsvið stofnunarinnar, sem greint er frá í þeirri yfirlýsingu er um getur í þessari málsgrein.

3. Vísanir til „samningsríkis“ eða „samningsríkja“ eða „aðildarríkis“ eða „aðildarríkja“ í bókun þessari gilda jafnt um svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, krefjist samhengi þess.

XXVIII. gr.

Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi, milli þeirra ríkja sem hafa afhent slík skjöl til vörslu, fyrsta dag þess mánaðar eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá þeim degi þegar áttunda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.
2. Bókun þessi öðlast gildi gagnvart öðrum ríkjum fyrsta dag þess mánaðar eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá þeim degi þegar skjöl þeirra um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eru afhent til vörslu.

XXIX. gr.

Stök landsvæði.

1. Séu stök landsvæði innan samningsríkis, þar sem ólíkar réttarreglur gilda um málefni sem bókun þessi tekur til, getur hlutaðeigandi samningsríki lýst því yfir, jafnhliða fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að gildissvið bókunar þessarar skuli ná til allra stakra landsvæða þess eða eins þeirra eða fleiri og breytt yfirlýsingu sinni með því að senda aðra yfirlýsingu hvenær sem er.
2. Í viðlíkri yfirlýsingu skal tekið fram sérstaklega til hvað stakra landsvæða bókun þessi tekur.
3. Hafi samningsríki ekki gefið út yfirlýsingu skv. 1. mgr. gildir bókun þessi gagnvart öllum stökum landsvæðum hlutaðeigandi ríkis.
4. Láti samningsríki gildissvið bókunar þessarar ná til eins staks landsvæðis síns eða fleiri er heimilt að gefa út yfirlýsingar, sem leyfðar eru samkvæmt bókun þessari, viðvíkjandi stöku landsvæði, hverju og einu, og yfirlýsingar, sem eru gefnar út viðvíkjandi einu stöku landsvæði, geta verið frábrugðnar þeim sem gefnar eru út viðvíkjandi öðru stöku landsvæði.
5. Ef gildissvið bókunar þessarar nær til eins staks landsvæðis samningsríkis eða fleiri, samkvæmt yfirlýsingu er um getur í 1. mgr.:
 - a. er því aðeins litið svo á að skuldari sé staðsettur í samningsríki að hann sé skráður sem lögaðili eða stofnaður samkvæmt lögum, sem gilda á stöku landsvæði sem samningurinn eða bókun þessi gildir gagnvart, eða hann hafi skráða skrifstofu eða lögboðið aðsetur, miðstöð stjórnsýslu, starfsstöð eða fasta búsetu á stöku landsvæði sem samningurinn eða bókun þessi gildir gagnvart;
 - b. á vísun til staðsetningar hlutar í samningsríki við um staðsetningu hans á stöku landsvæði sem samningurinn og bókun þessi gilda gagnvart; og
 - c. skal túlka vísanir til stjórnvalda í fyrrnefndu samningsríki með þeim hætti að vísað sé til þeirra stjórnvalda sem hafa lögsögu á stöku landsvæði sem samningurinn og bókun þessi gilda gagnvart og vísanir til landskrár eða skráningar-yfirvalds í samningsríkinu með þeim hætti að vísað sé til gildandi skrár um loftför eða þess skráningaryfirvalds sem hefur lögsögu á því staka landsvæði sem samningurinn og bókun þessi gilda gagnvart.

XXX. gr.

Yfirlýsingar um tiltekin ákvæði.

1. Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það muni beita einhverri af eftirtöldum greinum bókunarinnar eða fleirum, VIII., XII. og XIII. gr.
2. Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það muni beita X. gr. bókunar þessarar að öllu leyti eða að hluta. Lýsi samningsríkið þessu yfir, með tilliti til 2. mgr. X. gr., skal það tilgreina þau tímamörk sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein.
3. Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það muni beita valkosti A í heild eða valkosti B í heild í XI. gr. og skal, í því tilviki, tilgreina gagnvart hvers kyns málsmeðferð vegna greiðsluferðleika, ef um viðlíka málsmeðferð er að ræða, það muni beita valkosti A og gagnvart hvers kyns málsmeðferð vegna greiðsluferðleika, ef um viðlíka málsmeðferð er að ræða, það muni beita valkosti B. Samningsríki, sem gefur út yfirlýsingu samkvæmt málsgrein þessari, skal tilgreina þau tímamörk sem krafa er gerð um skv. XI. gr.
4. Dómstólar samningsríkja skulu beita XI. gr. í samræmi við þá yfirlýsingu sem samningsríkið, sem er aðallögsagnarumdæmi í gjaldþrotamáli, gefur út.
5. Samningsríki getur, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það muni ekki beita ákvæðum XXI. gr., að öllu leyti eða að hluta. Í yfirlýsingunni skal koma fram við hvaða aðstæður viðkomandi grein verður beitt, ef henni verður beitt að hluta, eða, að öðrum kosti, hvaða annars konar bráðabirgðaúrlausn verður veitt.

XXXI. gr.

Yfirlýsingar samkvæmt samningnum.

Líta ber svo á að yfirlýsingar gefnar út samkvæmt samningnum, m.a. skv. 39, 40, 50, 53, 54, 55, 57, 58 og 60. gr. hans, hafi einnig verið gefnar út samkvæmt bókun þessari, nema annað sé tekið fram.

XXXII. gr.

Fyrirvarar og yfirlýsingar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara við bókun þessa en heimilt er að gefa út yfirlýsingar, sem leyfilegt er að gera skv. XXIV., XXIX., XXX., XXXI., XXXIII. og XXXIV. gr., í samræmi við þau ákvæði.
2. Tilkynna ber vörsluaðila skriflega um sérhverja yfirlýsingu eða síðari yfirlýsingu eða sérhverja afturköllun yfirlýsingar sem er gefin út samkvæmt bókun þessari.

XXXIII. gr.

Síðari yfirlýsingar.

1. Aðildarríki getur gefið út síðari yfirlýsingu, aðra en yfirlýsingu sem er gefin út í samræmi við XXXI. gr. skv. 60. gr. samningsins, hvenær sem er eftir þann dag þegar bókun þessi hefur öðlast gildi gagnvart því, með því að tilkynna vörsluaðila um það.
2. Sérhver síðari yfirlýsing tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku. Komi fram í tilkynningunni að lengri tími líði uns fyrrnefnd yfirlýsing tekur gildi skal hún taka gildi að þeim tíma liðnum og eftir að vörsluaðili hefur veitt tilkynningunni viðtöku.

3. Bókun þessi skal gilda áfram, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. hér að framan, eins og engin viðlík síðari yfirlýsing hafi verið gefin út, að því er varðar öll réttindi og tryggingar sem urðu til fyrir gildistöku dag sérhverrar síðari yfirlýsingar sem fyrr er getið.

XXXIV. gr.

Afturköllun yfirlýsinga.

1. Sérhvert aðildarríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu samkvæmt bókun þessari, aðra en yfirlýsingu í samræmi við XXXI. gr., eins og mælt er fyrir um í 60. gr. samningsins, getur afturkallað hana hvenær sem er með því að tilkynna vörsluaðila um það. Fyrirnefnd afturköllun skal taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Bókun þessi skal gilda áfram, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hér að framan, eins og engin viðlík afturköllun yfirlýsingar hafi farið fram, að því er varðar öll réttindi og tryggingar sem urðu til fyrir gildistöku dag sérhverrar afturköllunar sem fyrr er getið.

XXXV. gr.

Uppsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur sagt bókun þessari upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Sérhver viðlík uppsögn tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.
3. Bókun þessi skal gilda áfram, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. hér að framan, eins og engin viðlík uppsögn hafi farið fram, að því er varðar öll réttindi og tryggingar sem urðu til fyrir gildistöku dag sérhverrar uppsagnar sem fyrr er getið.

XXXVI. gr.

Endurskoðunarráðstefnur, breytingar og tengd málefni.

1. Vörsluaðili skal, í samráði við eftirlitsfirvaldið, vinna skýrslur ár hvert, eða á öðrum tíma eftir því sem aðstæður kunna að krefjast, fyrir aðildarríkin sem fjalli um hvernig hið alþjóðlega fyrirkomulag, sem er komið á með samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, hefur reynst í raun. Við undirbúning fyrirnefndra skýrslna skal vörsluaðili hafa hliðsjón af skýrslum eftirlitsfirvaldsins um hvernig alþjóðlega skráningarkerfið hefur virkað.
2. Vörsluaðili skal, í samráði við eftirlitsfirvaldið, kalla saman endurskoðunarráðstefnur aðildarríkja, eftir þörfum og fari a.m.k. fjórðungur aðildarríkja fram á það, þar sem fjalla skal um:
 - a. raunhæfan rekstur samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, og í hve ríki mæli hann greiðir fyrir eignarvirðistryggðri fjármögnun og leigu þeirra hluta sem skilmálar hans taka til;
 - b. lagalega túlkun og beitingu skilmála bókar þessarar og reglugerðanna;
 - c. hvernig alþjóðlega skráningarkerfið virkar, starfsemi skrásetjarans og eftirlit með henni af hálfu eftirlitsfirvaldsins, með hliðsjón af skýrslum eftirlitsfirvaldsins; og
 - d. hvort æskilegt sé að gera einhverjar breytingar á bókun þessari eða ráðstöfunum vegna alþjóðlegra skrárinnar.
3. Samþykki að minnsta kosti tveggja þriðju þeirra aðildarríkja sem taka þátt í ráðstefnu þeirri er um getur í 2. mgr. hér að framan þarf til að samþykkja breytingu á bókun þessari

og öðlast slík breyting síðan gildi gagnvart ríkjum, sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana, þegar átta ríki hafa fullgilt breytinguna, staðfest hana eða samþykkt í samræmi við ákvæði XXVIII. gr. sem fjalla um gildistöku hennar.

XXXVII. gr.

Vörsluaðili og hlutverk hans.

1. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda Alþjóðastofnuninni fyrir samræmingu einkamálaréttar (UNIDROIT) til vörslu sem hér með er tilnefnd vörsluaðili bókunarinnar.
2. Vörsluaðili skal:
 - a. tilkynna öllum sammingsríkjum um:
 - i. sérhverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu og um viðeigandi dagsetningu;
 - ii. gildistöku dag bókunar þessarar;
 - iii. sérhverja yfirlýsingu sem er gefin út í samræmi við bókun þessa og um viðeigandi dagsetningu;
 - iv. afturköllun sérhverrar yfirlýsingar eða um breytingu á henni og um viðeigandi dagsetningu; og
 - v. tilkynningu um sérhverja uppsögn bókunar þessarar og um viðeigandi dagsetningu, ásamt gildistöku uppsagnar;
 - b. senda öllum sammingsríkjum staðfest rétt endurrit bókunar þessarar;
 - c. láta eftirlitsyfirlýsingu og skrásetjara í té endurrit sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, ásamt dagsetningu afhendingar til vörslu, endurrit sérhverrar yfirlýsingar eða afturköllunar yfirlýsingar eða breytingar á henni og endurrit sérhverrar tilkynningar um uppsögn, ásamt dagsetningu tilkynningar, í því augnamiði að upplýsingar, sem þar er að finna, séu aðgengilegar á auðveldan hátt og í smáatriðum; og
 - d. leysa önnur þau verkefni sem algengt er að fela vörsluaðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Höfðaborg hinn 16. nóvember 2001 í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir og öðlast gildi að lokinni staðfestingu sameiginlegrar skrifstofu ráðstefnunnar, undir stjórn forseta ráðstefnunnar og innan níutíu daga frá þessum degi, þess efnis að samræmi ríki innbyrðis milli allra texta.

Viðauki

**FYRIRMYND ÓAFTURKRÆFRAR HEIMILDAR TIL ÞESS
AÐ BIÐJA UM AFSKRÁNINGU OG ÚTFLUTNING**

Viðauki er um getur í XIII. gr.

[Færið inn dagsetningu]

Til: [Færið inn nafn skráningaryfirvalds]

Varðar: Óafturkræfa heimild til að biðja um afskráningu og útflutning.

Undirritaður er skráður [rekstraraðili] [eigandi]* eftirfarandi [færið inn nafn framleiðanda og tegundarnúmer flugskrokks/þyrlu] sem ber raðnúmer framleiðanda [færið inn raðnúmer framleiðanda] og skráningar [númer] [merki] [færið inn skráningarnúmer eða -merki] (ásamt öllum uppsettum, innfelldum eða áfestum fylgihlutum, hlutum og tækjabúnaði, „loftfarið“).

Skjal þetta er óafturkræf heimild til að biðja um afskráningu og útflutning sem undirritaður gefur út handa [færið inn nafn kröfuhafa] („heimildarhafa“) samkvæmt heimild í XIII. gr. bókunar við samninginn um alþjóðlegar tryggingar í hreyfanlegum tækjabúnaði sem varðar sérstaklega mál er lúta að búnaði í loftför. Undirritaður fer hér með fram á, í samræmi við fyrrnefnda grein:

- i. að heimildarhafanum, eða þeim sem er sannanlegur fulltrúi hans, skuli einum heimilt:
 - a. að fá því framgengt að loftfarið sé afskráð úr [færið inn nafn skrár um loftför] sem [færið inn nafn skráningaryfirvalds] heldur, að því er tekur til III. kafla samþykktarinnar um alþjóðaflugmál sem var undirrituð í Chicago hinn 7. desember 1944; og
 - b. að fá því framgengt að loftfarshlutturinn sé fluttur út og færður í efnislegum skilningi frá [færið inn heiti hlutaðeigandi lands]; og
- ii. staðfestingu þess efnis að heimildarhafanum, eða þeim sem er sannanlegur fulltrúi hans, sé heimilt að framkvæma það er um getur í i. lið hér að framan, samkvæmt skriflegri kröfu og án samþykkis undirritaðs, og að yfirvöld í [færið inn heiti hlutaðeigandi lands] skuli, að fram kominni slíkri kröfu, vinna með heimildarhafanum í því augnamiði að leiða slíka framkvæmd til lykta á skjótan hátt.

Undirrituðum er óheimilt að afturkalla réttindi, sem heimildarhafinn nýtur og stofnað er til samkvæmt skjali þessu, án skriflegs samþykkis heimildarhafans.

Vinsamlegast staðfestið samþykki yðar við beiðni þessa og skilmála hennar með viðeigandi athugasemd á til þess gerðum stað hér að aftan og að hafa komið skjali þessu í vörslu hjá [færið inn nafn skráningaryfirvalds].

[færið inn nafn rekstraraðila/eiganda]

Samþykkt og fært í vörslu
[dagsetning]

[færið inn nafn þess er undirritar]
[færið inn titil þess er undirritar]

[færið inn viðeigandi athugasemdir]

Fylgiskjal III.**YFIRLÝSINGAR**

sem Ísland gerir við einstakar greinar samnings um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði.

Í samræmi við 39. gr. samningsins lýsir Ísland því yfir að:

- (A) öll lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi sem samkvæmt íslenskum lögum eru fyrir hendi þegar yfirlýsing þessi er gerð eða síðar, ganga frammar tryggingarréttindum yfir hlut, sem jafngildir réttindum handhafa skráðra alþjóðlegra tryggingarréttinda og skulu ganga frammar skráðum alþjóðlegum tryggingarréttindum, hvort sem það er við málsmeðferð vegna ógjaldfærni eða utan hennar;
- (B) að ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á rétt Íslands eða íslenskrar ríkisstofnunar, alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að eða annars einkarekins veitanda opinberrar þjónustu, til að leggja hald á eða kyrrsetja hlut, í samræmi við íslensk lög til greiðslu fjárhæðar sem slík ríkisstofnun, alþjóðastofnun eða þjónustuveitandi á útstandandi og tengjast með beinum hætti þeirri þjónustu er varðar fyrrnefndan hlut eða annan hlut.

Ísland lýsir því yfir að lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi í skilningi 40. gr. samningsins sem fela í sér heimildar til kyrrsetningar eða haldlagningar á hlut skulu vera skráningarhæf samkvæmt samningnum líkt og réttindin eða tryggingarréttindin væru alþjóðleg tryggingarréttindi og skal farið með þau sem slík.

Í samræmi við 53. gr. samningsins lýsir Ísland því yfir að Héraðsdómur Reykjavíkur er til þess bær dómstóll að fjalla um kröfur skv. 1. gr. og XII. kafla samningsins.

Í samræmi við 2. mgr. 54. gr. samninginn lýsir Ísland því yfir að heimilt er að beita hverju því úrræði sem kröfuhafa stendur til boða samkvæmt ákvæðum samnings þessa án aðkomu eða úrskurðar dómstóla, nema samningurinn kveði sértaklega á um aðkomu dómstóla.

Í samræmi við 55. gr. samningsins lýsir Ísland því yfir í þeim tilvikum sem skuldari hefur að lögum aðsetur innan Evrópska efnahagssvæðisins munu aðildarríki Lúganósamningsins um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum frá 2007, beita ákvæðum þess samnings hvað varðar 13. og 43. gr. samningsins hvað varðar réttarúrræði meðan endanlegs úrskurðar er beðið, í samræmi við 31. gr. Lúganósamningsins frá 2007 eins það ákvæði er túlkað í ljósi 24. gr. Lúganósamningsins frá 1988.

YFIRLÝSINGAR

sem Ísland gerir við einstakar greinar bókunar við samninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði, um málefni sem varðar aðeins loftför.

Í samræmi við 1. mgr. XXX. gr. bókunarinnar, lýsir Ísland því yfir að það mun beita VIII. gr., XII. gr. og XIII. gr.

Í samræmi við 2. mgr. XXX. gr. grein bókunarinnar, lýsir Ísland því yfir að það mun beita X. gr. að öllu leyti og að sá fjöldi daga sem kveðið er á um 2. mgr. X. gr. skal vera að hámarki 10 almanaksdagar að því að varðar þau úrræði sem kveðið er á um í a, b, og c-lið 1. mgr. 13. gr. samningsins, og að hámarki 30 almanaksdagar að því að varðar þau úrræði sem kveðið er á um í d- og e-lið 1. mgr. 13. gr. samningsins.

Í samræmi við 3. mgr. XXX. gr. bókunarinnar, lýsir Ísland því yfir að það mun beita að öllu leyti valkosti A í XI. gr. um allar tegundir gjaldþrotaskiptameðferða og skal sá biðtími sem kveðið er á um í 3. mgr. XI. gr. vera 60 dagar.

Í samræmi við 5. mgr. XXX. gr. bókunarinnar, lýsir Íslands því yfir að XXI. gr. bókunarinnar mun ekki gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Lúganósamningurinn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum frá 1998 og 2007 mun gilda um málfnasviðið fyrir aðildarríki tæðs Lúganósamnings.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í samráði við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Með því er lagt til að heimild verði veitt til að fullgilda af Íslands hálfu Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og bókun um búnað loftfara.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ákvæði samningsins og bókun um búnað loftfara sem honum fylgir skuli hafa lagagildi hér á landi í samræmi við þær yfirlýsingar sem Ísland gerir samkvæmt samningnum. Er það gert til að unnt sé að beita Höfðaborgarsamningnum með beinum hætti að íslenskum rétti en vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga svo slíkt sé unnt. Hins vegar er ekki ætlunin að breyta núgildandi reglum um skráningu réttinda í loftförum, þ.e. að því marki sem slík réttindi falla utan gildissviðs laganna.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Meginmarkmið Höfðaborgarsamningsins er að auðvelda fjármögnun viðskipta milli landa með hreyfanlegan búnað. Til þess að hvetja fjármögnunarfyrirtæki til að leggja fé til þessara viðskipta þótti nauðsynlegt að draga úr þeirri áhættu sem fylgdi ólíkum og stundum ófullnægjandi reglum landa um úrræði kröfuhafa vegna vanefnda skuldara. Í samningnum er því gerð grein fyrir úrræðum kröfuhafa. Jafnframt er samkvæmt samningnum sett á fót alþjóðleg rafræn skrá þar sem kröfuhafar geta skráð tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og þannig tryggt forgang kröfu sinnar. Á þennan hátt eru taldar auknar líkur á því að fjármögnunaraðilar ná fram efndum og telji sig þar með geta veitt viðskiptavinum sínum betri lánskjör.

Um mitt ár 2005 leitaði íslenskur flugrekandi til utanríkisráðuneytisins og óskaði þess að athugað yrði með aðild Íslands að Höfðaborgarsamningnum. Ástæða þess var að erlendur lánveitandi hafði lofað betri lánskjörum við endurnýjun flugvélaflotans ef Ísland gerðist aðili að samningnum. Í framhaldinu var settur á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins til að meta kosti og galla samningsins, umfang hans og áhrif aðildar á íslenskan rétt. Skilaði vinnuhópurinn af sér minnisblaði

árið 2006 þar sem fram kom að samningurinn myndi að öllum líkindum minnka kostnað íslenskra flugrekenda við kaup á flugvélum og ekki auka ríkisútgjöld. Hins vegar væri samningurinn flókinn og huga þyrfti að ýmsum atriðum við innleiðingu hans. Ekki var ráðist í frekari vinnslu málsins á þessu stigi enda fá lönd aðilar að samningnum á þessum tíma. Íslenskir flugrekendur hafa áfram hvatt stjórnvöld til þess að gerast aðilar að samningnum. Er því lagt fram frumvarp þetta til lögfestingar samningsins og bókunar um búnað loftfara. Þegar horft er til uppbyggingar samningsins, sérhæfðar hugtakanotkunar og þeirra mikilsverðu hagsmuna sem samningnum er ætlað að taka til má telja að lögfesting samningsins sé heppi-legasta form innleiðingar. Ekki síst kann slíkt að vera nauðsynlegt til að tryggja samræmda túlkun ákvæða samningsins og bókunar á alþjóðavísu. Sami háttur var hafður á með Alþjóð-
legan samning um skráningu réttinda í loftförum sem gerður var í Genf þann 19. júní 1948 á sínum tíma, svo sem nánar er vikið að í kafla 3.5.1.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Forsaga Höfðaborgarsamningsins.

Samningur um alþjóðlegar tryggingar í hreyfanlegum búnaði, Convention on International Interests in Mobile Equipment, var gerður í Höfðaborg 16. nóvember 2001 svo og bókun við hann sem varðar sérstaklega búnað loftfara, Protocol to the Convention on International Interests in Mobile Equipment on Matters Specific to Aircraft Equipment. Samningurinn var gerður að frumkvæði UNIDROIT (International Institute for the Unification of Private Law) með aðstoð Aviation Working Group (AWG), sem samanstendur af fulltrúum stærstu flugvéla-, þyrllu- og hreyflaframleiðenda heims. Síðar kom að gerð hans Alþjóðaflugmála-
stofnunin (ICAO). Samningurinn tók gildi 1. mars 2006 gagnvart þeim ríkjum sem þá höfðu fullgilt hann og bókunina. Samningurinn tekur gildi fyrir ný aðildarríki fyrsta mánaðardag þremur mánuðum eftir að UNIDROIT hefur mótttekið tilkynningu þeirra um fullgildingu. Í maí 2018 höfðu 73 ríki undirritað og fullgilt samninginn og bókunina um búnað loftfara og ein svæðisstofnun um efnahagssamvinnu (Evrópusambandið).

Við Höfðaborgarsamninginn hafa síðan bæst tvær aðrar bókanir; annars vegar um járnbrautavagna (frá 2007) og hins vegar um búnað í geimnum (frá 2012). Þessar bókanir hafa ekki enn tekið gildi. Þá er í smíðum bókun, sem verður mögulega sú fjórða í röðinni, er varðar búnað fyrir landbúnað, byggingariðnað og námugróft.

3.2. Höfðaborgarsamningurinn og bókunin um búnað loftfara.

Höfðaborgarsamningurinn sjálfur hefur að geyma almennar reglur og geta ákvæði hans gilt um fjármögnun þriggja tegunda búnaðar, þ.e. búnað loftfara, járnbrauta og geimbúnað, sbr. 2. gr. hans. Um hverja þessa tegund munu gilda sérstakar bókanir við samninginn. Einungis bókunin um búnað loftfara hefur tekið gildi. Þessi tveggja skjala aðferð gerir ríkjum kleift að láta sömu meginreglur gilda um fjármögnun þessara þriggja tegunda hreyfanlegs búnaðar en jafnframt er hægt, með tegundargreindum bókunum, að taka tillit til ólíkra hagsmuna fram-
leiðenda og fjármögnunaraðila mismunandi tegunda búnaðar.

Samkvæmt 6. gr. Höfðaborgarsamningsins ber að lesa hann og viðeigandi bókun saman eins og um einn gerning væri að ræða. Er því hér á eftir vísað til Höfðaborgarsamningsins sem bæði samningsins og bókunar, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þessi framsetning samningsins í tveimur og síðar fleiri bókunum gerir hann fremur óaðgengilegan. Því er í ályktun nr. 5 við samninginn kveðið á um að greinargerð skuli samin með skýringum með ákvæðum samningsins og bókunar. Sú greinargerð hefur verið samin af prófessor Roy Goode við Oxford-háskóla og er gefin út af UNIDROIT.

Bókunin um búnað loftfara lagar Höfðaborgarsamninginn að fjármögnun á kaupum eða leigu loftfarshluta sérstaklega. Loftfarshlutir í þessu samhengi eru flugvélastakrokkur (án hreyfla) yfir tilteknum flutningsgetu- og þyngdarmörkum, þyrla yfir tilteknum flutningsgetu- og þyngdarmörkum og hreyflar af tilgreindri gerð og afli (þó ekki þyrluhreyflar).

Það nýmæli felst í samningnum og bókuninni að gerður er greinarmunur á skráningu tryggingarréttinda í flugvélastakrokki flugvélar og hreyflum flugvélar. Það stafar af því að þessar einingar eru afar verðmætar einar og sér og hreyflar eru oft skildir frá bolnum og fjármagnaðir sérstaklega. Hafa ber í huga að þessi greinarmunur á ekki við um þyrlur, þar sem þyrellinn er skilgreindur sem hluti þyrlunnar. Í loftfaraskrá eru hreyflar ekki skráðir heldur aðeins flugvélastakrokkurinn. Núverandi fyrirkomulag byggir á skráningu loftfars með hreyflum, burtséð frá því hvort hreyflar hafi verið veðandlag skv. samningi eða ekki. Samkvæmt Höfðaborgarsamningnum skal skráning tryggingarréttinda vegna flugvélastakrokks og hreyfla aðskilin og skulu tryggingarréttindi skrást sérgreind hvað varðar hverja tegund búnaðar.

3.3. Áhrif hvers aðildarríkis við gerð yfirlýsinga.

Samningurinn gerir ráð fyrir því að hvert aðildarríki geti, að nokkru marki, haft áhrif á það hversu langt samningurinn og bókunin ganga hvað þau varðar með því að veita ríkjum heimild til að taka afstöðu, við afhendingu fullgildingarskjals, til ákveðinna greina samningsins og bókunarinnar. Nánari grein er gerð fyrir þessum yfirlýsingum í fylgiskjali II með frumvarpinu.

3.4. Nánar um samninginn.

3.4.1. Alþjóðleg tryggingarréttindi.

Þýðingarmesta atriði Höfðaborgarsamningsins er stofnun alþjóðlegra tryggingarréttinda (e. international interest) í þeim hreyfanlega búnaði sem samningur aðila tekur til. Alþjóðleg tryggingarréttindi er nýtt hugtak sem á sér ekki hliðstæðu.

Samkvæmt samningnum geta alþjóðleg tryggingarréttindi aðeins stofnast á grundvelli þrenns konar löggerninga er varða loftfarshluti; flugvélastakrokka, hreyfla eða þyrlur, eins og þessir hlutir eru nánar skilgreindir í bókuninni:

1. Tryggingargjafi veitir eða samþykkir að veita tryggingarhafa tryggingu (meðal annars eignarhald) í eða yfir hlut til að tryggja efnidir á hvers kyns fyrirliggjandi skuldbindingu eða framtíðarskuldbindingu tryggingargjafa eða þriðja aðila (e. security agreement);
2. Samningur um sölu hlutar með þeim skilmálum að eignaréttur yfirfærast ekki fyrir en að uppfylltu því skilyrði eða þeim skilyrðum sem um getur í samningnum (e. title reservation agreement) og
3. Samningur þar sem einn aðili (leigusali) veitir öðrum aðila (leigutaka) umráð eða forræði fyrir hlut (með eða án möguleika á kaupum) gegn leigugreiðslu eða annars konar greiðslu (e. lease).

Höfðaborgarsamningnum er einungis ætlað að taka til framangreindra fjármögnunarleiða en túlkun á því hvort löggerningur skv. framangreindu fellur undir Höfðaborgarsamninginn er háð túlkun á samningnum sjálfum en ekki lögum í hverju aðildarríki.

Til að alþjóðleg tryggingarréttindi stofnist verður löggerningur að kveða á um hin alþjóðlegu tryggingarréttindi og uppfylla þær formkröfur sem gerðar eru í samningnum. Formkröfurnar eru að samningur sem myndar eða kveður á um tryggingarréttindi sé skriflegur og tengist hlut sem samningsaðili hefur ráðstöfunarrétt yfir. Þar að auki skal loftfarshluturinn vera sérgreinanlegur sem og ef um er að ræða tryggingasamning, þá þarf að vera hægt að ákvarða skuldbindinguna sem tryggð er, án þess þó að nauðsynlegt sé að tilgreina fjárhæð eða hámarksfjárhæð skuldbindingarinnar.

Samkvæmt bókuninni um búnað loftfara takmarkast gildissvið bókunar við tiltekna loftfarshluta eins og þeir eru skilgreindir í bókuninni (flugvélaskrokka, hreyfla loftfara og þyrlur), tilheyrandi réttindi (e. associated rights), þ.e. réttindi sem eru tryggð með eða tilheyra viðkomandi hlut, sem og ágóða af loftfarshlutum.

3.4.2. Skráning tryggingarréttinda og forgangsáhrif.

Forsenda þess að hægt sé að skrá alþjóðlega tryggingarréttindi skv. 3. gr. Höfðaborgarsamningsins er að skuldari/seljandi sé staðsettur í samningsríki þegar sá löggerningur er gerður sem stofnar hin alþjóðlegu tryggingarréttindi eða að flugskrokkur og þyrla séu skráð í aðildarríki Höfðaborgarsamningsins. Staðsettur í þessu samhengi merkir þar sem skuldari er skráður sem lögaðili eða stofnaður samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem hann hefur skráða skrifstofu eða lögboðið aðsetur eða þar sem hann stýrir starfsemi sinni eða hefur starfstöð. Staðsetning lánveitanda/kaupanda skiptir hins vegar engu máli í þessu sambandi, sbr. 2. mgr. 3. gr. samningsins. Nánari skilgreining á búsetu skuldara kemur fram í 4. gr. samningsins.

Hægt er að skrá:

- alþjóðleg tryggingarréttindi (e. international interest), væntanleg alþjóðleg tryggingarréttindi (e. prospective international interest) og skráningarhæf lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi (e. non-consensual right or interest);
- framsal (e. assignment) og væntanlegt framsal (e. prospective assignment) alþjóðlegrar tryggingar,
- öflun alþjóðlega tryggingarréttinda með kröfuhafaskiptum að lögum eða samkvæmt samningi samkvæmt gildandi lögum;
- tilkynningu um innlend tryggingarréttindi (e. national interest);
- víkjandi tryggingarréttindi (e. subordinate interests) af því tagi er um getur í einhverjum undirliðanna hér að framan.

Mikilvægt er að lýsing á loftfarshlut liggi fyrir við skráningu, þar sem skráning er gerð eftir framleiðsluradnúmeri og nafni framleiðanda auk tegundarauðkenni hlutarins, en ekki eftir nafni skuldara eða seljanda.

Með fyrirvara um hugsanleg lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi, þá ganga skráð tryggingarréttindi framar öðrum síðar skráðum tryggingarréttindum og óskráðum tryggingarréttindum.

3.4.3. Alþjóðleg skráningarmiðstöð.

Til þess að unnt sé að skrá alþjóðleg tryggingarréttindi var sett á fót rafræn alþjóðleg skrá, sbr. IV. og V. kafla samningsins. Alþjóðlega skráningarmiðstöðin, Aviareto Ltd. (www.aviareto.aero) er staðsett á Írlandi og heldur utan um skráningu tryggingarréttinda sem tilkynntar eru til hennar. Hin alþjóðlega skráningarmiðstöð lýtur eftirliti sérstakrar eftirlitsstofnunar skv. samningnum. Tilnefnd eftirlitsstofnun er nú Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO). Skráningarmiðstöðinni ber að veita upplýsingar til þriðja aðila að hans ósk. Skráin er rafræn og aðgengileg á Netinu gegn gjaldi allan sólarhringinn, alla daga ársins. Skráning fer fram rafrænt (www.internationalregistry.aero). Aðildarríki samningsins geta tilnefnt sérstakan aðila sem tengilið gagnvart alþjóðlegu skráningarmiðstöðinni og skráningu trygginga. Örfá ríki hafa gert slíkt, þar á meðal Bandaríkin þar sem bandaríska flugmálastjórnin (e. Federal Aviation Administration) er einnig skráningaraðili réttinda í loftförum auk þess að annast skráningu loftfara í þjóðernisskrá. Hér er ekki lagt til að tilnefndur verði innlendir aðili í hlutverk tengiliðs gagnvart alþjóðlegu skráningarmiðstöðinni. Skráning tryggingarréttinda og

aðrar tilkynningar til alþjóðlegu skráningarmiðstöðvarinnar munu því fara fram án aðkomu íslenskra stjórnvalda.

Ólíkt því fyrirkomulagi við skráningu réttinda er tengjast loftförum sem þekkt hér á landi með þinglýsingu í réttindaskrá loftfara fer skráning í hina alþjóðlegu skrá alfarið fram rafrænt og án þess að skjölin sem skráningin byggir á séu afhent eða aðgengileg í skránni sjálfri. Skráningarkerfið er lokað að því leyti að allir er koma að skráningu tiltekins löggernings þurfa að skrá sig sem notanda í kerfinu og leitar skráningarmiðstöðin eftir staðfestingu aðila á því að viðkomandi einstaklingi sé heimill aðgangur fyrir þeirra hönd. Með sama hætti er hægt að útiloka tiltekna aðila frá aðgangi í kerfið, takmarka heimildir þeirra til skráningar o.s.frv. Allar upplýsingar um þann aðila sem skráir og þá aðila sem að viðkomandi löggerningi koma eru aðgengilegar og þurfa viðkomandi aðilar allir að samþykkja skráninguna rafrænt áður en hún verður virk og öðlast gildi. Óski einhver upplýsinga um efni þess löggernings sem skráning lýtur að verður hann að leita upplýsinga hjá samningsaðilum. Skráningarmiðstöðin hvorki yfirfer né samþykkir/hafnar skjali til skráningar. Áreiðanleiki skráningar alþjóðlegra tryggingarréttinda er því háður því að viðkomandi aðilar hafi staðið rétt að skráningu, löggerningur uppfylli skilyrði samningsins og bókuar og aðilar hafi kynnt sér vel fyrri skráningar tryggingarréttinda og eftir atvikum metið sjálfstætt stöðu viðkomandi tryggingarréttinda í forgangsröð, yfirlýsingar viðkomandi samningsríkja gagnvart skráningarhæfum og lögbundnum tryggingarréttindum eða tryggingarréttindum sem kunna að ganga framur skráðum tryggingarréttindum, þau vanefndaúrræði sem eru tæk í hverju samningsríki o.s.frv.

Um ábyrgð alþjóðlegu skráningarmiðstöðvarinnar er fjallað í 28. gr. samningsins. Einu undantekningar frá ábyrgð varða bilun af völdum óhjákvæmilegs eða óviðráðanlegs atburðar sem ekki er unnt að koma í veg fyrir með því að beita fullkomnustu aðferðum sem völ er á vegna reksturs rafrænnar skráningar. Þá ber skráningarmiðstöð ekki ábyrgð á villum í upplýsingum sem aðilar sjálfir skrá inn. Gert er ráð fyrir í 29. gr. samningsins að skráningarmiðstöð afli sér ábyrgðartryggingar til að mæta ábyrgð sinni.

3.4.4. Vanefndaúrræði samningsins.

Í III. kafla samningsins er gerð grein fyrir þeim vanefndaúrræðum sem kröfuhafi getur gripið til. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samningsins geta aðilar samið sín á milli um skilgreiningu vanefndarhugtaksins. Semji aðilar ekki um slíka skilgreiningu gildir 2. mgr. 11. gr. Þar er vanefnd skilgreind sem vanefnd sem sviptir kröfuhafa að verulegu leyti því sem hann má gera ráð fyrir samkvæmt samningnum (e. substantially deprives the creditor of what it is entitled to expect under the agreement).

Samkvæmt 8. gr. Höfðaborgarsamningsins getur tryggingarhafi samkvæmt samningi til trygginga á efdum náð umráðum hlutar sem honum hefur verið veitt trygging í, selt eða leigt hlutinn út, og innheimt tekjur af notkun eða rekstri hlutarins eða krafist dómsúrskurðar sem heimilar eða fyrirskipar einhver þessara úrræða. Jafnframt getur tryggingarhafi óskað innlausnar (yfirfærslu eignaréttar) hlutarins. Samkvæmt 10. gr. samningsins geta seljandi skv. samningi með eignaréttarfyrirvara og leigusali skv. leigusamningi sagt upp samningi vegna vanefnda og náð umráðum eða forræði hlutarins eða krafist dómsúrskurðar sem heimili þeim þessi úrræði. Enn fremur er kveðið á um önnur úrræði vegna vanefnda, þ.e. heimild kröfuhafa til að krefjast afskráningar loftfars úr loftfaraskrá eða að loftfarshlutur sé fluttur úr landi, enda hafi skuldari samþykkt slíkar ráðstafanir og óafturkræf heimild liggi fyrir. Höfðaborgarsamningurinn kemur ekki í veg fyrir að aðilar semji um önnur frekari vanefndaúrræði kröfuhafa til handa en þau sem hér hafa verið nefnd.

Samkvæmt 13. gr. Höfðaborgarsamningsins er aðildarríkjunum gert kleift að veita kröfuhöfum tiltekin bráðabirgðaúrræði þar til endanleg afstaða hefur verið tekin til kröfu þeirra. Úrræði kröfuhafa eru meðal annars að varðveita hlut þannig að hann haldi verðgildi sínu, að fá umráð eða forræði yfir hlut, óska kyrrsetningar hlutar eða heimildar til leigu hans.

Tiltæk vanefndaúrræði eru kröfuhöfum mikilvæg og séu þau samræmd milli landa og þannig fyrirjäänleg er það talið auka trú kröfuhafa á viðskiptum með þann búnað sem samningurinn tekur til. Til þess að vega á móti úrræðum kröfuhafa eru í samningnum verndarákvæði fyrir skuldara og aðra hagsmunaaðila, sbr. 8.–13. gr. samningsins. Slík ákvæði mæla meðal annars fyrir um afskiptalaus umráð (e. quiet possession) yfir hlut eða not í samræmi við ákvæði viðkomandi löggernings sem og að vanefndaúrræðum kröfuhafa skuli ætíð beitt í samræmi við eðlilega viðskiptahætti og í samræmi við ákvæði viðkomandi löggernings, nema slíkt ákvæði sé bersýnilega ósanngjarnt.

3.5. Áhrif Höfðaborgarsamningsins á landsrétt.

3.5.1. Genfarsamningurinn.

Alþjóðlegur samningur um skráningu réttinda í loftförum gerður í Genf 19. júní 1948 (Convention on the International Recognition of Rights in Aircraft) var lögfestur hér á landi með lögum nr. 21/1966 (hér eftir Genfarsamningurinn). Samkvæmt Höfðaborgarsamningnum skulu ákvæði hans leysa af hólmi Genfarsamninginn hvað varðar loftför, eins og þau eru skilgreind í bókuninni, og loftfarshluti, en þó ekki hvað varðar önnur tryggingarréttindi en þau sem Höfðaborgarsamningurinn tekur til.

Gildissvið Höfðaborgarsamningsins er ólíkt gildissviði Genfarsamningsins, bæði hvað varðar skráningu þeirra tryggingarréttinda sem samningurinn tekur til og fyrirkomulag við skráningu. Samkvæmt Genfarsamningnum eru réttindi skráð í því ríki þar sem loftfarið er skráð. Höfðaborgarsamningurinn tekur til skráningar tryggingarréttinda í alþjóðlegri skrá á grundvelli staðsetningar skuldara í aðildarríki samningsins. Sá greinarmunur sem gerður er í Höfðaborgarsamningnum á milli flugvélaskrokks og hreyfils er ekki fyrir hendi skv. Genfarsamningnum. Þvert á móti skilgreinir Genfarsamningurinn réttindi þau er geta lotið skráningu þannig að þau taki til búnaðar sem komið er fyrir í loftfari, þar á meðal hreyfla, skrúfa, útvarpsbúnaðar, tækja og svo slíks loftfarsbúnaðar sem aðeins um stundarsakir er skilinn frá loftfarinu. Þá fellur ýmislegt utan gildissviðs Höfðaborgarsamningsins sem Genfarsamningurinn mun áfram gilda um, séu réttindin skráð skv. þeim síðarnefnda. Má meðal annars nefna loftför sem ekki ná flutningsgetu- og þyngdarviðmiðun Höfðaborgarsamningsins og varahluti sem falla utan gildissviðs hans.

Höfðaborgarsamningurinn kemur ekki í veg fyrir skráningu réttinda skv. landsrétti til að mynda þegar um er að ræða loftför sem falla utan gildissviðs samningsins eða þegar um er að ræða réttindi (tryggingarréttindi) sem samningurinn tekur ekki til. Þegar tryggingarréttindi sem Höfðaborgarsamningurinn tekur til eru skráð í réttindaskrá hér á landi, en ekki í hina alþjóðlegu skrá, munu tryggingarréttindi skráð í hina alþjóðlegu skrá ganga framar þeim réttindum sem skráð eru í réttindaskrá hér á landi. Sé yfirlýsing aðildarríkis gefin skv. 1. mgr. 39. gr. samningsins, eins og til stendur af Íslands hálfu, munu lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi skv. Höfðaborgarsamningnum (e. non-consensual rights and interests) ganga framar öðrum skráðum alþjóðlegum tryggingarréttindum, þrátt fyrir að þau séu óskráð.

3.5.2. Landsréttur.

Nokkur ákvæði Höfðaborgarsamningsins hafa áhrif á íslenskan landsrétt. Þau ákvæði varða einkum vanefndaúrræði kröfuhafa, bráðabirgðaúrræði kröfuhafa þar til endanlega

afstaða hefur verið tekin til kröfu hans og skráningu tryggingarréttinda sem gerð er nánari grein fyrir hér að framan. Lagðar er til breytingar á ýmsum lögum, t.d. lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu, lögum um gjaldþrotaskipti, lögum um loftferðir og lögum um Samgöngustofu auk þess sem settar eru reglur um málsmeðferð í kjölfar vanefnda. Auk þess er sérstaklega heimilað að tryggingargjafi og tryggingarhafi geti samið um viðbrögð í kjölfar vanefnda sem nánar eru skilgreindar í samningi þeirra. Með því er farin sú leið að heimila aðilum að semja um að beita vanefndaúrræðum án aðkomu dómstóla sem er ein þeirra leiða sem um er fjallað í Höfðaborgarsamningnum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með samningnum er lögleiddur alþjóðasamningur. Ekki verður séð að samningurinn vekji upp álitæfni tengd stjórnarskrá eða alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

5. Samráð.

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við flugrekendur, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Samgöngustofu og embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá var frumvarpið kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 7.–21. nóvember 2018. Þar barst ein umsögn þar sem bent var á nauðsyn þess að innleiða jafnframt bókun við Höfðaborgarsamningsins um járnbrautir. Frumvarpinu var ekki breytt í tilefni af þeirri umsögn enda þykir ekki tímabært að innleiða þá bókun samningsins hér á landi.

6. Mat á áhrifum.

Líkt og rakið er í 2. kafla er meginmarkmið Höfðaborgarsamningsins að auðvelda fjármögnun viðskipta með hreyfanlegan búnað á milli landa. Samningurinn felur í sér hvatningu til þess að fjármögnunarfyrirtæki leggi fé til slíkra viðskipta enda er með honum dregið úr áhættu þeirra við lánveitingar sem fylgir ólíkum og á stundum ófullnægjandi reglum ríkja um úrræði kröfuhafa vegna vanefnda skuldara. Á þann hátt er talið líklegra að fjármögnunaraðilar nái fram efndum og að þeir telji sig þar með geta veitt viðskiptavinum sínum betri lánskjör. Flugrekendur hafa lýst því yfir að aðild Íslands að samningnum muni af þessum sökum hafa umtalsverð jákvæð áhrif á fjármögnunarkjör þeirra við kaup á loftförum og loftfarshlutum sem undir hann falla.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er íslenskum stjórnvöldum veitt heimild til að fullgilda Höfðaborgarsamninginn ásamt bókun hans um búnað loftfara fyrir Íslands hönd. Samningurinn og bókunin um búnað loftfara auk yfirlýsinga Íslands eru fylgiskjöl með frumvarpinu.

Líta ber á Höfðaborgarsamninginn sem sérlög með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga. Þetta þýðir að ákvæði hans skuli skýrð svo að þau gangi framar öðrum ósamrýmanlegum ákvæðum nema atvik leiði ótvírætt til annarrar niðurstöðu. Þá er tiltekið í 6. gr. Höfðaborgarsamningsins að ef ósamræmi er á milli samningsins og bókunar um búnað loftfara, ganga ákvæði bókunarinnar framar.

Um 2. gr.

Ákvæðið veitir Höfðaborgarsamningnum og bókun hans um búnað loftfara lagagildi hér á landi. Í bæði samningnum og bókuninni er gert ráð fyrir því að hvert aðildarríki geti að nokkru

marki haft áhrif á hversu langt samningurinn og bókunin ganga með því að veita ríkjum heimild til að taka afstöðu við afhendingu fullgildingarskjals til ákveðinna greina samningsins og bókunarinnar. Í fylgiskjali III við frumvarpið eru þær yfirlýsingar sem Ísland hyggst gera við fullgildingu samningsins og bókunar.

Í 1. tölul. 2. gr. er vísað til 53. gr. Höfðaborgarsamningsins þar sem ríki getur valið að tilgreina þann dómstól sem fara skuli með mál sem rísa vegna samningsins. Eins og fram kemur í greinargerð með 7. gr. var valið að tilgreina Héraðsdóm Reykjavíkur til að fjalla um kröfur vegna 1. gr. og XII. kafla Höfðaborgarsamningsins, í yfirlýsingu skv. 53. gr. samningsins.

Í 2. tölul. 2. gr. er vísað til þess að Ísland hefur nú þegar fullgilt Lúganósamninginn um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum frá 2007, sbr. lög nr. 7/2011. Því verður þeim ákvæðum beitt hvað varðar 13. og 43. gr. Höfðaborgarsamningsins um réttarúrræði meðan endanlegs úrskurðar er beðið. Ísland mun því gefa út yfirlýsingu þess efnis sbr. ákvæði 55. gr. Höfðaborgarsamningsins. Nánar er fjallað um vanefndaúrræði og beitingu þeirra í greinargerð með frumvarpinu, sjá umfjöllun í kafla 3.4.4.

Í 3. tölul. 2. gr. er tiltekið að ákvæði X. gr. bókunar um búnað loftfara hafi lagagildi, sbr. yfirlýsing skv. XXX(2) gr. bókunarinnar. Þá eru tilgreind þau tímatakmörk sem áskilin eru er varða réttarúrræði 13. gr. Höfðaborgarsamningsins.

Í 4. tölul. 2. gr. er ákvæðum VIII., XII. og XIII. gr. bókunarinnar veitt lagagildi, sbr. yfirlýsingu skv. 1. mgr. XXX. gr. bókunarinnar. Ákvæði VIII. gr. bókunarinnar heimilar samningsaðilum að velja þá löggjöf sem gilda skuli um samning þeirra á milli að hluta eða öllu leyti. XII. gr. bókunarinnar varðar aðstoð vegna ógjaldfærni. XIII. gr. bókunarinnar heimilar enn eitt vanefndaúrræðið þar sem kröfuhafi geti farið fram á afskráningu loftfars úr loftfarskrá og útflutning loftfarshlutar. Sjá umfjöllun um vanefndaúrræði í kafla 3.4.4. í greinargerð en einnig er fjallað um úrræðið skv. XIII. gr. bókunarinnar undir 2. tölul. 12. gr. frumvarpsins.

Í 5. tölul. 2. gr. er við það miðað að Ísland geri yfirlýsingu skv. gr. XXX(3) gr. í samningnum þess efnis að XI. gr. um úrræði vegna greiðsluferfiðleika gildi að því er varðar valkost A. Þá er biðtíminn ákveðinn 60 dagar. Einnig er tiltekið að öll úrræði skv. XI. greininni séu virk.

Í 6. tölul. 2. gr. er aftur vísað til þess að lög nr. 7/2011, um Lúganósamninginn um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, gildi í stað XXI. gr. bókunarinnar um búnað loftfara, sbr. yfirlýsing skv. 5. mgr. XXX. gr. bókunarinnar.

Um 3. gr.

Í samræmi við yfirlýsingu íslenska ríkisins, með vísan til a-liðar 1. mgr. 39. gr. Höfðaborgarsamningsins, skulu hverskonar lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi, sem stofnast hafa skv. íslenskum lögum, önnur en þau sem 40. gr. Höfðaborgarsamningsins tiltekur, sem jafngilda réttindum handhafa skráðra alþjóðlegra tryggingarréttinda halda gildi sínu án skráningar í alþjóðlegu skrána og ganga frammar skráðum alþjóðlegum tryggingarréttindum. Hafa ber í huga að þessi forgangur kann aðeins að eiga við hér á landi hvað varðar íslensk lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi, nema í þeim tilvikum þar sem dómstólar annarra ríkja viðurkenna slíkar kröfur á grundvelli alþjóðlegra lagaskilareglna. Þessi regla er almenn undantekningarregla frá ákvæðum Höfðaborgarsamningsins sem kveða á um forgangsroðun alþjóðlegra tryggingarréttinda skv. skráningu í tímaröð.

Dæmi um lögveð (lögbundin réttindi skv. framangreindu) hvað varðar loftför og búnað loftfara er að finna í 133. gr., sbr. 134. gr., laga um loftferðir, nr. 60/1998, þar sem segir að

krafa um björgunarlaun sé tryggð með veði í loftfari auk kröfu vegna endurgjalds fyrir óvenjuleg útgjöld til að varðveita loftfar. Þá er í 1. og 2. tölul. 12. gr. frumvarpsins ráðgerð frekari lögfesting ákvæða um lögveð.

Um 4. gr.

Í sömu yfirlýsingu og vísað er til í greinargerð um 3. gr. hér að ofan, er varðar b-lið 39. gr. Höfðaborgarsamningsins, er því haldið til haga að óraskaður er réttur ríkis eða ríkisstofnunar (e. State entity), alþjóðastofnunar eða annars einkarekins veitanda opinberrar þjónustu, til að leggja hald á eða kyrrsetja hlut, í samræmi við ákvæði íslenskra laga. Hér er ekki um að ræða sjálfstæðan rétt sem byggja má á ákvæðinu heldur er í því vísað til annarra (lögfesta sem samningsbundinna) heimilda þar sem mælt er fyrir um rétt til að krefjast slíkrar kyrrsetningar á framangreindum grundvelli. Hugtakið hlutur (e. object) eins og það kemur fyrir í ákvæðinu er skilgreint í u-lið 1. gr. Höfðaborgarsamningsins sem hlutur í flokki sem 2. gr. samningsins á við.

Dæmi um slíkar lögfestar heimildir er meðal annars í 136. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, þar sem þeim sem starfrækir flugvöll eða flugleiðsöguþjónustu er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins. Samhliða er í 12. og 13. gr. frumvarpsins ráðgert að slík gjöld njóti lögveðsréttar. Í 136. gr. laga um loftferðir kemur einnig fram að rekstraraðili flugvallar skuli verða við beiðni Umhverfisstofnunar um að aftra för loftfars uns lögmælt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, sem varða viðkomandi loftfar eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Samsvarandi heimild er ráðgerð hvað varðar Samgöngustofu, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í samræmi við þá yfirlýsingu sem Ísland stefnir að því að gera varðandi 40. gr. Höfðaborgarsamningsins er ráðgert að skráningarháef, lögbundin réttindi eða tryggingarréttindi eins og þau eru skilgreind í dd-lið 1. gr. samningsins sem stofnast hafa með aðfarargerð hér á landi, þ.e. fjárnámi, kyrrsetningu eða löggeymslu, verði skráð í alþjóðlegu skrána í samræmi við reglur Höfðaborgarsamningsins til að öðlast réttarvernd gagnvart síðar skráðum réttindum. Er þar vikið frá almennum reglum sem um skráningu slíkra réttinda gilda, sbr. 15. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, laga um aðför, nr. 90/1989, og laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 31/1990.

Skv. 40. gr. Höfðaborgarsamningsins geta aðildarríki með yfirlýsingu við fullgildinguna Höfðaborgarsamningsins eða með því að gefa slíka yfirlýsingu síðar, útvíkkað gildissvið samningsins og heimilað að nánar tilgreindum réttindum skráningu í alþjóðlegu skrána, eins og um alþjóðleg tryggingarréttindi væri að ræða sem féllu undir samninginn. Slík skráð réttindi myndu ekki njóta forgangs eins og þau sem skráð eru í samræmi við 39. gr. samningsins, en myndu njóta forgangs fram yfir síðar skráð tryggingarréttindi og óskráð tryggingarréttindi.

Reglan sem ákvæðið hefur að geyma ýtir undir að tilgangi alþjóðlegrar skráningar verði náð, þar sem hún stuðlar að gagnsæi og áreiðanleika hinnar alþjóðlegrar skrár.

Um 6. gr.

Hér er áréttað að með frumvarpinu er fyrirhugað að veita Höfðaborgarsamningum og bókun við hann lagagildi hér á landi, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að alþjóðleg tryggingarréttindi sem falla undir Höfðaborgarsamninginn njóti verndar hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins og bókunarinnar. Af ákvæðinu má leiða

Þá meginreglu að komi til áreksturs milli réttarreglu að innlendum rétti og ákvæða Höfðaborgarsamningsins um atriði sem falla undir gildissvið samningsins, skuli ákvæði samningsins hafa forgang. Þá er jafnframt áréttað að tryggingarréttindi sem falla undir lög þessi taka bæði til viðkomandi loftfars og loftfarshlutar. Er þetta lagt til svo skýrt verði að hreyflar teljast ekki til „tilheyrandi búnaðar“ með loftfari, heldur teljast sérstakur loftfarshlutur sem hægt er að stofna til sérstakra réttindi yfir.

Í 2. mgr. 54. gr. Höfðaborgarsamningsins er óskað eftir afstöðu aðildarríkis til þess hvort þeim vanefndaúrræðum, sem samningurinn tiltekur handa kröfuhafa og sem samkvæmt orðanna hljóðan krefjast ekki dómsmeðferðar, megi beita án dómsmeðferðar. Mikilvægustu heimildina sem samningurinn hefur að geyma um þetta tiltekna atriði er að finna í 1. mgr. 8. gr. samningsins, þar sem fram kemur að tryggingarhafi geti, verði vanefndir samanber 11. gr. og að því marki sem tryggingargjafi hafi gefið út samkvæmt 54. gr. samningsins, beitt einu eða fleiri tiltekinna úrræða. Þau eru samkvæmt a-lið 8. gr. samningsins að ná umráðum eða forræði yfir hlut sem honum hefur verið veittur tryggingarréttur í; samkvæmt b-lið 8. gr. að selja eða leigja slíkan hlut og samkvæmt c-lið 8. gr. að innheimta eða taka við tekjum eða hagnaði af rekstri eða notkun slíks hlutar. Auk þess er að finna svipuð ákvæði í 1. mgr. 9. gr. og 10. gr. samningsins en ólíkt því sem fram kemur í 8. gr. samningsins er þar miðað við að samningur verði gerður eftir að vanefndir verða.

Einn megintilgangur Höfðaborgarsamningsins og bókunarinnar er að styðja við tryggingarréttindi sem veitt eru samhliða fjármögnun loftfara og mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni er að gefa aðilum kost á að semja svo um að vanefndaúrræðum megi beita án dómsmeðferðar. Er gert ráð fyrir því í fyrrnefndu ákvæði 2. mgr. 54. gr. samningsins að aðildarríki taki afstöðu til þess hvort fallist verði á að ekki þurfi að leita til dómstóla í nánar tilteknum tilvikum. Fordæmi eru til staðar í innlendra löggjöf um að slíkt sé heimilað og má sem dæmi nefna lög um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005, sem og lög um neytendalán, nr. 121/1994, þegar um er að ræða samning um sölu hlutar með eignaréttarfyrrvara. Í frumvarpinu er því lagt til að hægt sé að semja um slíka beitingu vanefndaúrræða og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða úrræði sem felast í upphaflegum samningi tryggingarhafa og tryggingargjafa eða í sérstökum samningi þeirra eftir að vanefndir hafa orðið á lánasamningi. Er hér gerð krafa um að slíkur samningur sé í öllum tilvikum skriflegur, enda er slíkt í reynd skilyrði þess að til alþjóðlegra tryggingarréttinda stofnist með gildum hætti. Í ljósi þess hve ríkan rétt ákvæðið veitir aðilum er þessi krafa því áréttuð í ákvæðinu. Auk þess er gerð krafa um að skýrlega komi fram í samningi hverjar heimildir séu færðar tryggingarhafa og í tilefni hvaða vanefnda, sbr. ákvæði 11. gr. samningsins. Eftir að vanefndir hafa komið upp er auk þess gert ráð fyrir að tryggingarhafi sem og allir hagsmunaaðilar geti gert samkomulag um beitingu vanefndaúrræða þegar svo háttar til. Er þetta einnig í samræmi við ákvæði samningsins. Í reynd felst í ákvæðinu að aðilar geti samið svo um að heimilt sé að ganga að tryggingunni í heild eða að hluta til fullnustu vanefndri fjárskuldbindingu án sérstaks fyrirvara og án atbeina yfirvalda, og án þess að fylgt sé formlegri málsmeðferð, sbr. 1 mgr. 8. gr. Höfðaborgarsamningsins. Hið sama á við um samkomulag sem gert er eftir að vanefndir verða, og geta aðilar samið um að ráðstafa loftfari eða loftfarshlut að hluta eða að öllu leyti til fullnustu tryggðra skuldbindinga. Verður að telja að slíkt sé heimilt á grundvelli samningsfrelsis og felist slíkur réttur í samningi aðila þarf ekki að leita til yfirvalda hér á landi.

Komi til þess að umráðamaður loftfars neiti slíkri kröfu um yfirfærslu réttinda eða að afhenda eða ráðstafa loftfari eða loftfarshlut er auk þess skýrt kveðið á um að slíkur samningur teljist vera aðfararheimild í skilningi 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Jafnframt kemur fram að þegar um slíkan samning er að ræða sé ekki þörf á sérstökum aðfararfresti. Er því unnt að

koma fram beiðni vegna þeirra tilvika sem um getur í 7. gr. frumvarpsins og þeirra aðgerða sem um er fjallað í 8. gr. frumvarpsins, svo fljótt sem kostur er. Hins vegar er gerð sú sjálfsgæða krafa til þeirra sem að slíkum skriflegum samningi standa að hann sé skýr og í honum komi afdráttarlaust fram hver umsamin úrræði tryggingarhafa, og eftir atvikum annarra hagsmunaaðila eru sem þeir kunna að byggja á við kröfu samkvæmt 8. eða 9. gr. frumvarpsins. Er eðlilegt að slík krafa verði gerð til efnis samningsins í því ljósi að honum er ætlað að gilda sem aðfararheimild samkvæmt framansögðu.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um úrræði kröfuhafa sem eiga að tryggja að hann geti fengið skjóta úrlausn sem heimili honum nánar tiltekin úrræði. Í Höfðaborgarsamningnum er mælt fyrir um að slíkri kröfu verði að beina til dómstóls. Í skýringum með samningnum er dómstóll sagður vera dómstóll, stjórnarsýsludómstóll eða gerðardómur sem samningsríki hefur stofnað. Þau úrræði sem um er fjallað í ákvæðinu, þ.e. kyrrsetning og aðför, eru á forræði sýslumanna, en ákvörðunum þeirra má skjóta til dómstóla, og því verður að telja að með því sé kröfum samningsins fullnægt.

Hér er því nánar lýst hvert beina á kröfu sem rís í kjölfar vanefnda eins og þær eru skilgreindar í Höfðaborgarsamningnum. Lagt er til að beiðnum um úrskurð verði beint til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Undir ákvæðið falla kröfur í a-lið 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og b-lið 10. gr. Höfðaborgarsamningsins, sem og b- og c-lið 1. mgr. 8. gr. samningsins. Í því felst meðal annars að umráðamaður getur krafist þess að hlutur sem honum hefur verið veittur tryggingarréttur í verði seldur eða leigður, og jafnframt innheimt eða tekið við tekjum eða hagnaði af rekstri eða notkun slíks hlutar. Tekur ákvæðið til allra hagsmunaaðila sem eiga rétt á að fá afhent eða ráðstafað loftfari eða loftfarshlut, bæði tryggingarhafa sem og hagsmunaaðila, svo sem ef hann hefur samið um að halda eignaréttarfyrrvara í loftfari eða loftfarshlut.

Ákvæðið tekur einnig til þess þegar um er að ræða bráðabirgðagerð samkvæmt a–d-lið 1. mgr. 13. gr. Höfðaborgarsamningsins meðan endanlegs úrskurðar samkvæmt 8. gr. samningsins er beðið. Er ráð fyrir því gert að gerðarbeiðandi geti krafist þess að hlutur sem honum hefur verið ráðstafað eftir reglum 11. kafla laga um aðför, nr. 90/1989. Ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins eiga eingöngu við ef um slíkt hefur verið samið milli aðila. Auk þess skal gerðarbeiðandi setja nægilega tryggingu áður en gerðin fer fram. Þar sem um bráðabirgðagerðir er að ræða eiga þær að vera framkvæmdar án tafa. Enginn frestur er til staðar vegna beiðna sem berast sýslumanni, en hins vegar er ætlast til þess að hann ljúki meðferð slíkrar beiðni án tafa. Á slíkt ekki að valda vandkvæðum enda er það jafnframt skilyrði að um slík úrræði hafi verið skýrt samið í samningi aðila. Auk þess er áréttað að gerð er krafa um að sett verði nægileg trygging af hálfu gerðarbeiðanda þegar slíkrar úrlausnar sýslumanns er krafist.

Er hér auk þess ákvarðað hvar varnarþing innanlands skuli vera. Í Höfðaborgarsamningnum er gert ráð fyrir í 53. gr. að aðildarríki geti tilgreint þann dómstól eða dómstóla innanlands sem skulu fara með mál sem rísa vegna samningsins, sbr. 2. gr. og XII. kafla samningsins. Í h-lið 1. gr. samningsins er dómstóll skilgreindur sem dómstóll, stjórnarsýsludómstóll eða gerðardómur sem samningsríki hefur stofnað. Sjónarmið eru bæði með og á móti því að varnarþing í málum sem falla undir samninginn sé nánar ákveðið með þessum hætti. Sjónarmið gegn því eru þau að eðlilegt sé að láta aðilum eftir að ákvarða sjálfir hvar varnarþing þeirra er innan íslenskrar lögsögu, meðal annars í ljósi sjónarmiða um samningsfrelsi og þess að aðilar eru best bærir um að meta sjálfir hvar þeir vilji reka dómsmál sín. Hins vegar er til þess að líta að um sérstök mál er að ræða, þar sem vikið er frá meginreglum innlands

fullnusturéttarfars í nokkrum veigamiklum atriðum, auk þess sem um umfangsmikil mál gæti verið að ræða sem þyrfti að leysa með skjótum hætti. Í því ljósi er eðlilegt að ákveða fyrir fram að stærsti innlengi dómstóllinn muni taka að sér að fara með ágreiningsmál af þessu tagi. Þótt ekki megi gera ráð fyrir að mörg mál verði borin undir dómstóla er mikilvægt að samræmi og þekking mótist um framkvæmd og beitingu þeirra reglna sem hér um ræðir innan tiltekins dómstóls, en slík rök hníga einnig að því að fela einum tilteknum innlendum dómstóli að fara með ágreiningsmál samkvæmt samningnum. Því er gert ráð fyrir að þau verði borin undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Í Höfðaborgarsamningnum og bókuninni eru reglur um hver úrræði tryggingarhafi hafi og hvers hann getur krafist í kjölfar vanefnda tryggingargjafa eins og það hugtak er skilgreint í Höfðaborgarsamningnum. Er þar gert ráð fyrir rýmri heimildum en almennt eru til staðar í innlendum rétti. Má hér sem dæmi nefna að tryggingarhafi getur beitt einhverju einu eða fleiri úrræða sem fram koma í 1. mgr. 8. gr. samningsins, þó eftir því sem tryggingargjafi hefur samþykkt. Samkvæmt 9. gr. samningsins getur tryggingarhafi krafist umráða þess hlutar sem trygging hefur verið veitt fyrir, auk þess sem leigusali eða seljandi hlutar með eignarréttarfyrrvara getur krafist þess að hlutur sem hefur verið leigður eða seldur með slíkum fyrrvara verði aftur heimtur, sbr. 1. mgr. 10. gr. samningsins. Þar sem í öllum tilvikum er um skýran rétt tryggingarhafa að ræða eða eftir atvikum seljanda eða leigusala, þykir rétt að slík krafa verði borin undir héraðsdóm eftir reglum 12. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Hins vegar er lagt til að krafa eftir b- eða c-lið 2. mgr. 8. gr. verði lögð fyrir sýslumann, sem myndi fara eftir þeim reglum sem fram koma í IV. þætti laganna, þar sem fjallað er um fullnustu krafna um annað eða peningagreiðslu, með þeim nauðsynlegu breytingum sem leiða af þeim heimildum sem Höfðaborgarsamningurinn og bókunin hafa að geyma.

Þar sem um mikilsverð réttindi er að ræða og þar sem réttur tryggingarhafa eða eftir atvikum leigusala eða seljanda á að vera skýr er mælt fyrir um að niðurstaða dómstóls skuli liggja fyrir innan mánaðar frá því að beiðni barst héraðsdómi. Enginn slíkur tímafrestur er til staðar vegna beiðna sem berast sýslumanni, enda er honum ætlað flóknara verkefni við ráðstöfun loftfars, en þrátt fyrir það er til þess ætlast að hann afgreiði slíka beiðni án tafa.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að skráningaryfirvald í skilningi 5. mgr. IX. gr. bókunarinnar sé Samgöngustofa og að kröfu um afskráningu loftfars úr loftfaraskrá, samkvæmt 5. mgr. IX. gr. bókunarinnar, sbr. lög um loftferðir, nr. 60/1998, skuli beina til Samgöngustofu.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er sú skylda lögð á skiptastjóra, eða eftir atvikum umsjónarmann við nauðasamninga eða aðstoðarmann með greiðslustöðvun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, að tilkynna um þeirra aðgerðir til alþjóðlegu skráningarmiðstöðvarinnar þegar fyrir liggur að meðal eigna búsins eru loftfarshlutir. Samkvæmt I. gr. bókunarinnar merkir loftfarshlutur flugskrokkar, hreyflar loftfara og þyrlur. Hliðstæð skylda hvílir nú þegar á skiptastjóra eftir reglum 25. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, þegar um fasteignir er að ræða, sem og eftir reglum 11. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvert beina skuli kröfu um að koma fram eigendaskiptum að loftfari eða loftfarshlut. Í ákvæðinu er lagt til að ef tryggingargjafi vanefni skyldu sem á honum hvílir samkvæmt samningi sem gerður hefur verið eftir reglum Höfðaborgarsamningsins megi

krefjast nauðungarsölu eftir reglum laga um nauðungarsölu o.fl., nr. 90/1991, án undanfarandi viðvörunar eða greiðsluáskorunar. Um nauðungarsöluna fer eftir þeim lögum sem við á. Beiðni um nauðungarsölu skal beina til embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ágreiningur sem ris við framkvæmd nauðungarsölu samkvæmt framansögðu skal borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur. Þetta á meðal annars við um þegar krafist er sölu hlutar sem trygging hefur verið veitt í, til samræmis við e-lið 1. mgr. 13. gr. Höfðaborgarsamningsins og bókunarinnar.

Ekki þarf þó að leita til sýslumanns ef í samningi aðila hefur jafnhliða verið gert ráð fyrir slíku afsali eignarréttar á grundvelli reglunnar í 6. gr. frumvarpsins., þ.e. á grundvelli samningsfrelsis aðila.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu kemur skýrlega fram að ákvæði frumvarpsins hafi ekki áhrif á þau réttindi sem hafi stofnast fyrir gildistöku laganna. Munu því samningar, þ.m.t. samningar um veðréttindi sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, halda gildi sínu. Með því er lagt til að réttaráhrif samningsins miðist við gildistökudag hans á Íslandi og verði ekki afturvirk. Möguleiki er gefinn á því í 1. og 3. mgr. 60. gr. Höfðaborgarsamningsins að gefa yfirlýsingu við fullgildingu, þar sem í reynd yrðu búin til afturvirk alþjóðleg tryggingarréttindi fyrir þá skuldara sem voru staðsettir í aðildarríki innan þess tímaramma sem slík yfirlýsing lyti að. Slíkri yfirlýsingu væri hins vegar ekki hægt að breyta síðar eða draga til baka. Hefur því ekki verið farin sú leið að gefa út sérstaka yfirlýsingu til samræmis 1. og 3. mgr. 60. gr. Höfðaborgarsamningsins og hefur samningurinn því ekki afturvirk áhrif hér á landi.

Um 12. gr.

Með 1. tölul. 12. gr. er lögð til breyting á 12. gr. laga um Samgöngustofu, nr. 119/2012, þar sem eftirlitsgjöldum stofnunarinnar er veittur lögveðsréttur í loftfari eða loftfarshlutum skráðum hér á landi. Loftfarshlutir merkja flugskrokkar, hreyflar loftfara og þylur, sbr. ákvæði I. gr. bókunar um búnað loftfara. Aðeins flugskrokkar með ásettum viðeigandi hreyflum loftfara og þylur sæta skráningu í loftfaraskrá.

Með 2. tölul. 12. gr. eru lagðar til eftirfarandi breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Lagt er til að efni 4. og 5. mgr. 9. gr. laga um loftferðir verði fært í nýja grein, 9. gr. b, sbr. umfjöllun í b-lið hér á eftir. Þá er heimild Samgöngustofu til setningar reglna um skráningu loftfara, skv. 6. mgr. 9. gr. laganna, færð til ráðherra í nýrri málsgrein, sem verður 3. mgr. og kemur í stað gildandi 4.–6. mgr. 9. gr. laganna.

- a. Í nýrri 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða meðal annars á um skilyrði til skráningar og afskráningar loftfara, skrásetningarskírteini loftfara, þjóðernis- og skrásetningarmerki, kennispjald og útflutningsbeiðni í reglugerð. Ljóst er að ákvæði Höfðaborgarsamningsins og bókunar um búnað loftfara kalla á afmarkaðar breytingar vegna framkvæmdar og skilyrða til skráningar og afskráningar loftfara. Er því talið nærtækara að ráðherra kveði á um slík skilyrði.
- b. Í nýrri grein, 9. gr. b, er áréttað sérstaklega að ákvæði laga þessara gangi framur ákvæðum laga um skráningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, vegna skráðra tryggingarréttinda sem falla undir fyrnefnda samninginn og bókunina og innbyrðis skráningu tryggingarréttinda. Almenn taka lög um loftferðir ekki til skráningar réttinda í loftförum, en þar sem skráning og afskráning loftfars úr loftfaraskrá kann að vera nátengd skráningu slíkra réttinda þykir rétt að hnykkja á þessu atriði. Framkvæmd réttindaskráningar samkvæmt

lögum nr. 21/1966 er í höndum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en skráning loftfara í loftfaraskrá hjá Samgöngustofu. Fyrirsjáanlegt er að áframhald verði á skráningum tryggingarréttinda í loftförum skráðum hér á landi, þrátt fyrir gildistöku laga þessara. Er ljóst að fjöldi loftfara á loftfaraskrá mun falla utan gildissviðs Höfðaborgarsamningsins og skráð réttindi er tengjast slíkum loftförum verða áfram skráð í réttindaskrá innanlands. Þá er einnig mögulegt að skráð alþjóðleg tryggingarréttindi samkvæmt Höfðaborgarsamningnum verði einnig skráð í réttindaskrá innanlands.

- c. Eins og vísað er til í 2. gr. frumvarpsins hyggst Ísland gera yfirlýsingu við fullgildingu Höfðaborgarsamningsins og bókunar um búnað loftfara skv. 1. mgr. XXX. gr. bókunar varðandi XIII. gr. bókunarinnar (heimild til að biðja um afskráningu og útflutningsleyfi). Með vísan til þessarar yfirlýsingar þykir rétt að kveða á um heimild Samgöngustofu til að verða við beiðni um afskráningu loftfars og útflutning, enda séu önnur skilyrði beiðingar þessa úrræðis uppfyllt, sbr. IX. gr. bókunar, og með fyrirvara um gildandi löggjöf á sviði flugöryggis. Í viðauka við bókunina um búnað loftfara er form að óafturkræfri beiðni um afskráningu loftfars og útflutning. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um beitingu og skilyrði til afskráningar loftfars og útflutnings samkvæmt þessari grein, sbr. 2. liður hér að ofan.
- d. Gjöldum þeim sem rekstraraðilum flugvalla og flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar er heimilt að innheimta skv. 71. gr. laga nr. 60/1998 fyrir þjónustu sína er í nýrri málsgrein veittur lögveðréttur í loftförum eða loftfarshlutum skráðum hér á landi. Loftfarshlutir merkja flugskrokkar, hreyflar loftfara og þylur, sbr. ákvæði I. gr. bókunar um búnað loftfara. Aðeins flugskrokkar með ásettum viðeigandi hreyflum loftfara og þylur sæta skráningu í loftfaraskrá. Mikilvægt er að hafa í huga að þjónustan sem veitt er er nauðsynleg til að tryggja örugga starfrækslu flugstarfsemi og trygg innheimta gjalda er nauðsynleg svo hægt sé að tryggja áframhaldandi þjónustu af hálfu þessara aðila. Er miðað við að lögveð stofnist vegna ógreiddra gjalda vegna þess loftfars/loftfarshlutar sem í hlut á hvað flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar varðar. Hvað varðar þjónustu sem veitt er loftförum á flugvelli er heimildin viðtækari og tekur til þeirra loftfara/loftfarshluta sem viðkomandi eigandi eða umráðandi hefur skráð hér á landi. Hafa ber í huga að þjónusta á flugvelli er gjarnan veitt ótilteknu loftfari flugrekanda eða eiganda/umráðanda loftfara án þess að þjónustan sé sérstaklega afmörkuð hverju loftfari fyrir sig. Er hér haft til hliðsjónar orðalag 136. gr. laganna þar sem sömu aðilum er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins. Hvað réttihæð gjaldanna varðar og forgang teljast þau jafnréttá sín í milli, en eldri kröfur skulu ganga frammar yngri. Þá er áréttaður forgangsréttur krafna vegna björgunarlauna skv. 134. gr. laganna og krafna vegna eftirlitsgjalda sem Samgöngustofa leggur á skv. 12. gr. laga nr. 119/2012.
- e. Aflétt er þeirri kröfu í 2. málslið 2. mgr. 134. gr. að þinglýsa þurfi veðrétti í loftfari eða mál höfðað til staðfestu veðréttar vegna björgunarlauna skv. 1. mgr. 134. gr. Er þetta gert í því skyni að samræma almennt þær kröfur sem gilda um lögveð samkvæmt lögnum.
- f. Ákvæðið hefur að geyma samsvarandi rétt til handa Samgöngustofu til aðstoðar af hendi rekstraraðila flugvallar og Umhverfisstofnun hefur, skv. 2. málslið 1. mgr. 136. gr. laganna. Miðast heimildin við gjaldfallin eftirlitsgjöld er varða eftirlitsskylda starfsemi eiganda og umráðanda loftfars, sbr. 1. másl. 1. mgr. 136. gr. laganna.

Með 3. og 4. tölul. 12. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, og lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Breytingarnar

eiga að tryggja að kröfuhafar geti nýtt sér vanefndaúrræði Höfðaborgarsamningsins og að tryggja megi forgang samningsins og bókunar um búnað loftfara þar sem það á við, svo sem um skráð tryggingarréttindi og innbyrðis þýðingu þeirra, sem og um þau úrræði sem eru til staðar í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Framangreindar breytingar eru lagðar til svo tryggja megi forgang ákvæða Höfðaborgarsamningsins og bókunar um búnað loftfara fram yfir ákvæði laganna þegar það á við.